# Gjörðabók fátækranefndar. 1876-1895

Aðfnr. 42, 1. hluti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók fátækranefndar
1876
:
~~1895~~ 1893

.077.5 - .84.075.15

42

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjörðab

vík by

desem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjörðabók fátækranefndarinnar í Reykjavík byrjuð 5. dag júlí 1876 og endud 28. dag desembermánaðar 1893. —

SKJALASAFN REYKJAVÍKURBÆJAR
42.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Ár 1876, miðvikudaginn 5. dag júlímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer, og stýrði yfirkennari ~~H.Kr.~~ Friðriksson fundinum í fjærveru bæjarfógetans. Var þar viðstaddur dómkirkjupresturinn Hallgrímur Sveinsson, og var tekið til umræðu, hverju úthluta skyldi styrk þeim, sem Reykjavíkurbæ ber úr Thorkillii barnaskólasjóði fardaga árið 1876–1877, og var styrknum ráðstafað þannig:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Grímur Ólafsson, f. | 31/10-62 | — | 40 Kr. | skólagj. 20 Kr. |
| 2. | Páll Guðnason | 7/10-62 | — | 40 — | — 20 — |
| 3. | Ólavía Guðríður Ólafsd. | 7/4-64 | — | 40 — | — 20 — |
| 4. | Þorgeir Jörgensson | 1/3-65 | — | 40 — | — 20 — |
| 5. | Símon Bjarnason | 3/10-65 | — | 80 — | — 20 — |
| 6. | Egill Rósinkranss. | 4/9-66 | — | 80 — | — 20 — |
| 7. | Guðrún Sigurðard. í Klettak. | 3/12-64 | — | 40 — | — 20 — |
| 8. | Ástríður Jónsdóttir (Hábæ) | 30/12-63 | — | 40 — | — ~~2~~ |

Dómkirkjupresturinn hafði stungið upp á, að Ólafur Petersen, sem kom frá Hafnarfirði í vor og hafði notið þar styrks úr Thorkilliisjóði, fengi 40 kr., en fátækranefndin gat eigi fallist á það, með því að móðir hans var flutt hingað leyfislaust.

Páll Guðnason var nú hjá föður sínum, en honum skyldi koma fyrir á hentugum stað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Þórður Jónsson í Pjetursbúri biður í brjefi 28. júní þ. á. um tómthúsmannsleyfi, og var það veitt.

3. Í brjefi dags. 25. apríl þ. á. biður sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu fyrir hönd Vallnahrepps, að þær 20 krónur, sem búið var að lána Önnu Ívarsdóttur, mættu standa óborgaðar, unz reikningur kæmi yfir allt það, sem hún hefði fengið, og var ákveðið, að lýsa því yfir fyrir bæjarfógeta, að óskiljanlegt væri, að hann sendi reikning yfir allan styrkinn til Önnu sem fyrst, og beiðast borgunar.

4. Í brjefi dags. 4. þ. m. biður amtmaður álits fátækranefndarinnar um beiðni Guðmundar Jónssonar frá Miklaholti um aðsetursleyfi hjer í bænum, sem fátækranefndin hefði synjað honum um. Fátækranefndinni kom saman um að svara á þá leið, að hún gæti eigi breytt áliti sínu, þar sem fresta málefni þessu til næsta fundar, með því að enginn nefndarmanna þekkti ástæður hans.

Fundi slitið.

H Kr Friðriksson. Hallgrímur Sveinsson. G. Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson B. Bjarnason

Ár 1876 hinn 13. Júlí átti fátækranefndin fund með sjer. Var þá:

1. Var ákveðið að senda Snorra Tómasson, barnsmóður hans Guðríði með 1 barni á sveit þeirra Rosmhvalaneshrepp.
2. Var rætt um að Einar Rögnvaldi Rögnvaldsyni úr Múlakoti á sveit sína Hrunamannahr.?) — (Guðrún Sigurðardóttir afsall)
3. Fundi slitið.

H. Sveinbjörnsson  M. Friðriksson  G. Þórðarson

P. Bjarnason

Ólafur Guðlaugsson

Ár 1876, fimmtudaginn 10. dag ágústmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaðurinn skýrði frá, að landshöfðinginn hefði leyft Rögnvaldi Rögnvaldsyni leyfi til að dvelja hjer í bænum framvegis þvert ofan í úrskurð amtmanns og tillögur fátækrastjórnarinnar.
2. Því næst var skýrt frá, að Mörtu Lárusdóttur var komið fyrir hjá Guðmundi Kristjánssyni á Sviðholti fyrir 20 kr. um árið frá 14. d. maím. þ. á. að telja.
3. Þar sem rætt var um beiðni Guðmundar Þórðsonar frá Miklaholti um aðsetursleyfi hjer í bænum um eitt ár, þá kom nefndinni saman um, að svara á þá leið, að nefndinni virðist sjer eigi fært, að veita þetta eins árs leyfi, þar sem landshöfðinginn hefði þegar úrskurðað í öðru máli, að nefndin ætti eigi samkvæmt lögum, [hefði vald til] að veita slíkt leyfi.
4. Því næst var ákveðið, að kalla Einar Eiríksson fyrir, og rannsaka, hvernig á honum stæði, enda væri hann ~~...~~ straffaður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Því næst var ákveðið, að semja fast um meðlag með Einari Einarssyni (múrara) á Þormóðsstöðum, og var Guðmundi Þórðarsyni falið á hendur, að semja um þetta mál við Markús bróður Einars.

Fundi slitið.

H. Guðmundsson  H. A. Friðriksson  G. Þórðarson  B. Bjarnason

Ár 1876, fimmtudaginn 15. dag septembermán. átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Fyrst var tekið til umræðu brjef frá Markúsi Þórðarsyni, dags. 9. þ.m., þar sem krefst 120 Kr. um árið með Einari Einarssyni (múrara), og var það samþykkt, og var þess jafnframt getið, að Markús mundi eigi heimta mikla meðgjöf með Þórði Ásbjörnssyni.

2. Ívar Jónatansson á Seli krefst í brjefi 13. þ.m. 338 Kr. um árið, en því máli var frestað að þessu sinni; en Bjarna á Esjubergi var einkum falið að reyna að koma Ingibjörgu fyrir.

3. Einar ekkill Jónsson biður í brjefi 13. þ.m. um styrk handa Oddrúnu Samúelsdóttur, konu Jóns ekkils Gíslasonar, og börnum hennar. Var ákveðið, að koma tveimur börnunum ~~fyrir~~, hinum yngstu.

4. Því næst var samin áætlun um tekjur og útgjöld fátækrasjóðsins árið 1877, og var hún þannig.

I. Sjerstakar tekjur fátækrasjóðsins:

| | |
|---|---|
| 1. Vextir af skuldabrjefi sjóðsins . . . . | 36 Kr. |
| 2. Tekjur af fasteignum og húsum | „ — |
| 3. Tekið af ávextberandi höfuðstól . . . | „ — |
| 4. Tíund til fátækra . . . . . . . . . . . | 260 — |
| 5. Bætur til fátækra og gjafir . . . . | 100 — |
| 6. Hundaskatturinn . . . . . | 30 — |
| 7. Andvirði fyrir seldar reitur ómaga | 50 — |
| 8. Önnur óviss gjöld, þar í lán, sem kunna að gjaldast aptur . . . | 500 — |
| | 976 Kr. |

II. Útgjöld.
~~Meðlagsframfærslu~~ Útgjöldar og framfæris ómögum og þurfamönnum:

| | |
|---|---|
| 1. Framfæri sveitarómaga . . . . . . | 4248 Kr. |
| 2. til þurfamanna . . . . . . . . . . . | 3000 — |
| 3. Til útskóla . . . . . . . . . . . . . | 300 — |
| 4. Greptrunarkostnaður ómaga | 100 — |
| 5. Lögflutningur ómaga | 20 — |
| 6. Fátækralyf | 100 — |
| ~~B~~ Ýmis útgjöld . . . | 40 — |
| | 7808 Kr. |

Fundi slitið

Th. Guðmundsson. H. Kr. Friðriksson. og Þórðarson B. Bjarnason.
Ólafur Guðlaugsson

Ár 1876 hinn 28. Septbr. átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Var lagt fram brjef Ingimundar Sigurðssonar dags. 26. þ. m. um að fá 64 krónur með Jórunni Jónsdóttur fyrir næstliðið ár, og fyrir næsta ár 48 krónur. Var samþykkt hvorttveggja. En með því Jórunn á sjer hjá 2 mönnum fyrir vestan og 1 hjer í bænum var áformað að ná því og greiða það í fátækrasjóð.

+ 2. Árni Gíslason biður í brjefi dags. 27. þ. m. um 8 Kr. um mánuðinn til meðgjafar með bróður sínum Gísla, og var

það veitt frá 1. degi næsta mánaðar (oktober-mánaðar).
3. Þess skal getið, að meðlag vitstola á næsta fundi á undan hefur misritazt 300 stað 700 krónur.
x4. Þórdís Bjarnadóttir nú í Lindarbæ hjer í bænum biður um í brjefi 26. þ.m. leyfi að mega dvelja hjer í bænum, að minnsta kosti til næstu krossmessu, og var það veitt sam-kvæmt beiðni hennar.
x5. Sigríður Guðmundsdóttir í Mels-húsum biður í brjefi 18. þ.m. biður um lausamennskuleyfi, og var ákveðið, að svara því, að leyfi þetta gæti eigi veitt, með því að hún, hefði alls eigi skýrt frá ástæðum sínum.
6. Ólafur Guðlaugsson skýrði frá, að hann hefði komið Ingibjörgu Guðmundsdóttur fyrir hjá Arnviði Zoëga fyrir 24 Kr. um mánuðinn.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. H. Kr. Friðriksson. Jón Ólsen
G. Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson

Ár 1876, fimmtudaginn 12. dag októberm., átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Formaðurinn bar fyrst upp um pöntun á korni nú með póstskipinu. Eptir

nokkrar umræður varð sú niðurstaðan, að sjá um, að bæjarstjórnin ætti vísar tekjur um til 150 tunnur rúgs og allt að 1000 ꝏ af kaffi, en bera skyldi það mál upp á bæjarstjórnarfundi á morgun.

2. Bæjarstjórn Kaupmannahafnar tilkynnir, að Henriette Bagge hafi verið veittar 4 Kr. í húsaleigustyrk og að auk 1 Kr. um vikuna.

3. x Björn Gíslason á Kröggúlfsstöðum í Ölfusi 10. þ. m. skýrir frá, að hann geti eigi haldið Sigríðu Sigurðardóttur, nema því að eins að hann fái 4 fiska um vikuna frá Veturnóttum af, og var það veitt með því skilyrði, að hún fengi góða uppfræðingu.

4. x Margrjet Jónsdóttir biður ~~um~~ leyfi til að mega vera sjálfrar sín um 4 mánuði; en leyfið var eigi veitt.

5. x Guðrún Sigurðardóttir biður um húsaleigustyrk fyrir Ívar sinn frá 1. júní til 31. des. þ. á. 11 Kr. 66 aura, og var það veitt.

6. Lagðir fram reikningar frá sjúkrahúsinu.
a) fyrir Rannveigu Þorkelsdóttur — 36 Kr. 99 a.
b) — Önnu Sighvatsdóttur — 1 - 66 —

7. Flutningskaup greiða önsaga til Ólafs Guðlaugssonar — 8 — a

Fundi slitið.

[illegible] H. Fridriksson. Joh. Olsen G. Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson B. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1876, fimmtudaginn 26. dag októbermán. átti ~~bæjarstjórnin~~ fund með sjer.

\+ 1. Jón Gunnlaugsson skipstjóri, biður um í brjefi dags. 21. dag októberm. þ. á. um leyfi til að setjast að hjer í bænum, og var það leyfi veitt.

\+ 2. Bjarni Sigurðsson í Móhúsum biður um í brjefi dags. 14. þ. m., að mega setjast að hjer í bænum næsta ár. En því var neitað.

\+ 3. Guðmundur Sigurðsson frá Knarrarnesi í Vatnsleysustrandarhrepp biður um, að mega setjast að hjer í bænum sem tómthúsmaður, og var það veitt.

4. Kristínu Jónsdóttur ~~var veittur~~ ekkju Jóhannesar Þorsteinssonar mikkara, var veittur fyrirfram meðgjafarstyrkur með öðru barni hans, og var því komið fyrir hjá Helgu Þorláksdóttur á Hlíði gegn 8 krónum um hvern mánuð.

Fundi slitið.

H. Kr. Friðriksson. [signature] G. Þórðarson B. Bjarnason
Jón Olsen Ó. Guðlaugsson

Ár 1876, þriðjudaginn 7. dag nóvembermánaðar átti fátækranefndin með sjer aukafund.

1. \+ Fyrst var tekið til íhugunar uppástunga þeirra Jóns Steffensens og Guðm. Þórðarsonar um 500 kr. lán til vinnu í bæjarþarfir upp á næsta árs áætlun, ~~og~~ upp á það fje, sem ætlað er til vegagjörða og renna, ~~og~~ en bæjarstjórnin hafði skotið til álika

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fátækrastjórnarinnar, og varð sú uppástunga að fátækranefndin rjeð einhuga á uppástungu hinna 2 bæjarfulltrúa og ástæðurnar fyrir henni.

2.x Gunnlaugi Halldórssyni voru ákvarðaðar 12 krónur upp í húsaleigu Jens Þórðarsonar frá krossmessu til veturnótta.

3.x Í brjefi 28. f.m. biður Jón Sigurðsson frá Útkoti í Kjalarnesi um meðgjöf með Sumarlínu Sumarliðadóttur frá í vor og framvegis. Nefndin ákvað að svara því, að nefndin gæti eigi borgað neina meðgjöf nema frá þeim tíma, þá er hann hefði tilkynnt nefndinni um, að hann ~~hefði~~ eigi fengið meðgjöf með barninu; en að öðru leyti var ákveðið, að koma barni þessu fyrir hjá Bergþóri Þórssyni á Niðurkoti.

4.x Gunnar Kristjánsson á Mógilsá biður í brjefi 25. október m. þ. á. um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum. En nefndinni kom saman um, að svara því, að hans vegna ástæðnanna gæti eigi veitt þetta leyfi, þar sem hann væri bláfátækur, en hefði ómegð allmikla, og talinn drykkjumaður allmikill.

Fundi slitið.

[signature] H. Kr. Friðriksson. Jóh. Olsen G. Þórðarson
B. Bjarnason Ólafur Guðlaugsson

Ár 1876, fimmtudaginn 23. dag nóvembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Sæmundur Steindórsson í Pálsbæ við Mýrarhús biður í brjefi 21. þ. m. um leyfi til búsetu hjer í bænum; málinu var frestað til næsta fundar til að leita skýringa.

2. Guðmundur Þorvarðsson í Langholti í Hraungerðishrepp biður í brjefi 28. f. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það veitt.

3. Ákveðið var, að ekkja Bjarna heitins Kristjánssonar skyldi fá 160 krónur um árið frá því maðurinn dó, nema því aðeins, að það reyndist, að hún hefði eigi þurft svo mikið hingað til, þá skyldi greiða henni eptir atvikum.

4. Ákveðið að ávísa Hafliða Guðmundssyni meðgjöf með Þorgerði Þorláksdóttur, 52 kr. um árið frá 14. degi maím. þ. á.

5. Barni Jóns snikkara Haraldi Gíslasonar (var komið fyrir hjá Guðrúnu Guðjohnsdóttur, og var meðgjöfin 80 kr. um árið 1. dag októbermánaðar, en öðru, Guðrúnu, var komið fyrir hjá Tómasi Tómássyni í Lambhúsum á Kjalarnesi með sömu meðgjöf.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson
Joh. Olsen. B. Bjarnason
Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1876, föstudaginn 8. dag desembermánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer, og í sjúkdómsforföllum bæjarfógeta stýrði yfirkennari ~~H. Kr. Friðriksson~~ fundinum.

x 1. Sjómaður Friðrik Friðriksson biður í brjefi 6. þ.m. um leyfi til að setjast hjer að í bænum, og var það veitt.

x 2. Þá var tekið til umræðu aptur bónarbrjef Sæmundar Steindórssonar um leyfi til bæjarvistar; en leyfisins var synjað, vegna þess, að maðurinn væri hreinn öreigi, og að því er fátækranefndinni væri kunnugt, ráðleysingi og róla.

x 3. Sigurður Jónsson í Móakoti biður í brjefi dagsettu 27. þ.m. um 72 Kr. árlega meðgjöf með tengdaföður sínum Jóhannesi Guðmundssyni, og var samþykkt að veita hinar umbeðnu meðgjöf frá 1. degi janúarmánaðar næsta ár.

x 4. Jón Jónsson garðyrkjumaður biður um í brjefi 26. þ.m. 8 króna lán, og var ályktað að neita þeim um láni, en nefndin mundi hafa eptirlit með honum, ~~ef~~ hvort hann liði nokkra nauð, og þá hjálpa honum, ef svo væri.

x 5. Guðni Ólafsson á Litlu-Grund biður í brjefi 29. þ.m. um 25 króna lán til næsta árs, en því var alveg neitað, en nefndin mundi hjálpa honum smátt og smátt með korn, eptir því, sem hann nauðsynlega þyrfti.

x 6. Magnúsi Guðmundssyni á Litla-[illegible] við Rok. voru ávísaðar 10 krónur í [illegible] húsaleigu fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Önnu Ívarsdóttur í Kálfsá frá 14. maí til 14. nóv. 1876, gegn endurgjaldi af sveit hennar.

7. Nefndinni þótti ástæða til að geta þess, að Sig-ríður Þórðardóttir, ekkja Þórðar Jónssonar frá Lambastöðum, sem flutt var á hrepp sinn Seltjarnarnes fyrir tvo sinnum hálfum mánuði, væri komin hjer aptur til bæjarins, og væri setst að á Litlu Grund hjá Sigurbjörgu Sigurðardóttur, og óskaði nefndin að fógetinn vildi taka málþetta fyrir, og rannsaka, hvernig á þessu stæði.

8. Því næst var ákveðið, að koma 2 yngstu börnum Gissurar Guðmundssonar fyrir, og var þegar út-vegaður staður handa öðru hjá Sigurði Jónssyni á Veghúsum gegn 80 króna árlegu meðlagi.

Fundi slitið.

H. Friðriksson. Joh. Olsen G. Þórðarson
B. Kjærnested [?]
Ólafur Guðlaugsson

Ár 1876, fimmtudaginn 14. dag desembermán-aðar, átti ~~fátæk~~[?]stjórnin fund með sjer

x1. Ólafur Þórðarson á Nesi biður í brjefi dags. 21. f. m., að fátækranefndin vildi greiða sjer 17 rd. Rik. [?] fyrir greptrun Þórðar Þórðarsonar í byrjun ársins 1870. Þessu máli hefur áður verið svarað af fátækranefndinni (1873), og álítur nefndin sjer eigi ferh. [?] að borga skuld þessa, með því að bú Þórðar heitins aldrei var tekið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til reglulegra skipta.

×2. Sjera Hallgrímur lýsir ~~Skrifar~~ í brjefi dagsettu í dag bágindum Jóhönnu Hansens og systur hennar, og biður um, að nefndin vildi veita þeim húsaleigustyrk frá Októbermán. byrjun 1876 – 31 marz 1877, 5 kr. 33 aura um mánuðinn, og var það veitt.

×3. Ívar Jónsson póstur biður í brjefi 8. þ.m. um styrk til klæða og fæðis. Var ákveðið, að veita honum áheyrn eptir þörfum.

4. Þá var rætt um Pétur Guðmundsson í Landakoti, hvort hann mundi eigi hafa þegið sveitarstyrk, og var formanni falið, að grennslast eptir því.

5. Guðm. Þórðarson gat þess, að yngsta barn Gissurar Guðmundssonar væri komið fyrir hjá Einari Arasyni á Tóptum gegn 80 kr. árlega, og hefði farið til hans hinn 12. þ.m., en hitt barnið hefði farið til Sigurðar á Vegamótum hinn 10. s.m.

6. Þess var getið, að Sveinn Ögmundsson var í dag fluttur á sjúkrahúsið á kostnað fátækranefndarinnar.

Fundi slitið.

[illegible] H. Kr. Friðriksson Joh. Olsen G. Þórðarson

Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, föstudaginn 5. dag januarmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Einar Einarsson á Sundi biður í brjefi 4. þ.m. að meðgjöfin með barni Magnúsar Einarssonar og Kristínu Ólafsdóttur yrði hækkuð uppí 80 kr. með ~~hverju~~ fyrir sig. Ákveðið var, að hækka meðgjöfina með barninu uppí 80 kr., en synja um meðgjöfina með Kristínu.

× 2. Í brjefi dags. 21. f. m. biður amtmaður um álit fátækranefndarinnar fyrir synjun hennar um tómthúsmennskuleyfi handa Gunnari Kristjánssyni. Var því vísað til ~~þess~~ þess, sem fram var tekið á fundi 7. nóv. f. á. og auk þess væri hann ofdrykkju-maður við brennivín.

3. Ávísað fyrir veru Þórðar skóara á sjúkrahúsinu 143 kr.

×4. Sveinn Bjarnason biður í brjefi 18. f. m. um tómthúsmennskuleyfi handa Jóni Ólafssyni á Renarstöðum [?], og var leyfið veitt.

×5. Jóni Ingimundarsyni voru veittar 80 kr. um árið, er borga skyldi mánaðarlega.

×6. Sjera Hallgrímur biður um lausamennskuleyfi handa Ingiríði Brynjólfsdóttur frá næstu fardögum, en með því að hún hafði eigi verið nógu lengi í vist, var leyfið eigi veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Guðmundi Guðmundssyni í Sauðagerði var hjálpað um 2 skeppur ~~bankabygg~~ rúgs rúgs og 1 sk. af hálfgrjónum upp á Stokkseyrarhrepp.

8. Jóni Bjarnasyni á Sauðagerði var veitt 1 tunna af rúgi upp á hrepp hans (próf).

9. Guðrún Jónsdóttir á Bergi biður um viðbót með Þorgeiri Jörginssyni, ~~föður~~ í stað þess, sem hann missti af Thorkilliisjóði, og voru henni ávísaðar 25 kr. frá fardögum í vor til árs loka.

10. Önnu Guðmundsdóttur í Eyvindarbæ voru ávísaðar 7 kr. 50 aur. fyrir húsaleigu Guðríðar Jónsdóttur.

11. Því næst voru skrifaðir upp ómagar árið 1877, og voru þeir þessir:

| | aldur | húsbændur | meðgjöf |
|---|---|---|---|
| 1. Anna Ásmundsd. | 10. | Jón í Gröf | 80 kr. |
| 2. Anna Ásmundsd. | 43. | ekkja í Melshúsum | 120 — |
| 3. Bjarni Þórðars. | 12 — | á Brekku á Kjalarn. (nú hjá Tómasi Tómassyni á Brautarholti frá 14. maí). | 80 — |
| 4. Ekkja Bjarna Kristjánssonar | — | í Hlíðarhúsum — | 160 — |
| 5. Einar Jónsson | 10 — | Jón Jónss. í Tjarnarhúsi | 72 — |
| 6. Guðrún Skaptadóttir | 74 — | í Sigvaldabæ — | 88 — |
| 7. Guðríður Þorleifsd. | 76 — | í Melshúsum — | 60 — |
| 8. Guðrún Ásmundsd. | 11 — | Gísli á Bakka — | 72 — |
| 9. Guðm. Kristj. Guðmundss. | 8 — | Guðm. á Austurvelli | 80. — |
| 10. Guðm. Jónsson — | 52 — | Ólafur Guðlaugsson | 168. — |
| 11. Herdís Guðjónsdóttir — | 15 — | Guðr. Guðjohnsen. | 24. — |
| 12. Hjörtur Jónsson — | 13 — | Sigurður á Brekku. | 60. — |
| 13. Jóhanna Norðfjörð | 7 — | Kristjana Jónassen | 72. — |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Aldur | Húsbændur | |
|---|---|---|---|---|
| 14. | Jón Helgason | 19. | Magnús Árnason | 120 kr. |
| 15. | Jón Jónsson | 77 | Bjarni Oddsson | 80 |
| 16. | Ingibjörg Guðm. | 55 | Ástríður Zoëga | 288 |
| 17. | Kristín Þorsteinsd. | 85 | Alexíus Árnason | 108 |
| 18. | Marta Laurusd. | 23 | Guðm. Kristjánsson | 20 |
| 19. | Margrjet Einarsdóttir með 2 börn. | 46 | Ekkja Snorra heitins | 132 |
| | | | Ólafur Guðlaugsson | 48 |
| 20. | Margrjet Jónsdóttir | | Þorvaldur Klemensson | 40 |
| 21. | ~~Margrjet~~ Guðríðr Þorkelsd. | | Sveinn Bjarnas. í Sauðag. | 80 |
| 22. | Ólafur Þórðarson | 8 | Ekkja í Hala | 80 |
| 23. | Rósa Jónsdóttir | 74 | | |
| | | | Hallgrímur í Sauðag. | 80 |
| 24. | Ragnhildur Ásmundsdóttir | 13 | Níels á Kloppe | 80 |
| 25. | Sigurð. Theodór | 19. | í Hudlakoti | 60 |
| 26. | Salvör Ketilsd. | 80 | Mad. Möller | 60 |
| 27. | Þórdís Ólafsd. | 76 | Grímur Guðnason | 80 |
| 28. | Þorkell Helgas. | 12. | Jóhanna Einarsdóttir | 80 |
| 29. | Þór~~unn~~ Einarsd. | 13 | Guðlaug á Steinum | 72 |
| 30. | Þorvaldur Einarss. | 10 | Jón Oddsson á Mýrarhúsi | 80 |
| 31 | Þorvaldur Ásmundss. | 8 | Hafliði Guðmundsson | 52 |
| 32 | Þorgerður Þorláksd. | 13 | í Hliðarhúsum | 60 |
| 33. | Ingibjörg Eiríksd. | | á Þúfu í Kjós | 20 |
| 34. | Kristján Sigurðss. | 13 | Guðlaug á Steinum | 80. |
| 35. | Frímann Sigurðss. | 6 | Árni Pólití | 40. |
| 36. | Grímur Ólafsson | 14 | Guðni Einarsson | 20 |
| 37. | Páll Guðnason. | 14 | | |
| ~~38.~~ | ~~Ásmundur Ó~~ | | Páll Magnússon | 36 |
| 38. | Magnús Magnússon | 6 | í Grænuborg | 72 |
| 39. | Gísli Gíslason | 72 | Einar á Sundi | 59 |
| 40. | Kristín Ólafsdóttir | | | 120 |
| 41. | Þórður í Kóaari | 68 | | 70 |
| 42. | Solveig Einarsdóttir | | á Hudlakoti | |
| 43. | Sigríður Bjarnadóttir | | í Brennu. | 96. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | aldur | húsbændur | |
|---|---|---|---|---|
| ×44. | Guðrún Jónsdóttir | 1 | Tómas Tómasson á Laugb. | 80 kr. |
| ×45. | Haraldur Jónsson | 4 | Guðrún Guðjohnsen | 80 |
| 46. | Einar múrari | | Markús í Þormóðsstöðum | 120 |
| ×47. | barn Ingibjargar Maríu | | í Hausastaðakoti | 80 |
| ×48. | Vilborg Magnúsd. | | Guðmund. í Kálfakoti | 80 |
| ×49. | Kristinn ~~tvíur~~ Magnúss. ~~Einarsd.~~ | | Einar Einarsson á Lundi | 80 |
| ×50. | Ólafur Sigurðsson | | Ólafur Þórðars. á Nesi | 80 |
| 51. | Valgerður Björnsd. | | á Grund | 84 |
| ×53. | Guðm. Gunnars. | | Sigurður Jónss. í Veghús | 80 |
| ×54 | Gunnarsd. | | Einar Arason | 80 |
| ×55. | Einar Magnússon | | Jóhanna Einarsd. | 80 |

## II. Þurfamenn

1. Einar Bjarnason í Smiðjunni — 60 kr.
2. Einar Magnússon í Skólabæ — 60
3. Henriette Bagge — 100
4. Sigurður Sigurðsson í Hólakoti — 40
5. Einar Hjaltested — 72
6. Ívar póstur — 40
7. Lárus Hölter — 80

## III. Utstola

1. Ragnhildur Símonardóttir hjá Pjetri í Hildingu — 100
2. Ásdís Daðadóttir — 100
3. Jón Blöndal — 100

Fundi slitið.

[illegible] H. Kr. Friðriksson. Jóh. Olsen G. Þórðarson
B. Bjarnason
Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, fimmtudaginn 11 dag januarm., átti fátækra-nefndin fund með sjer.

x1. Amtmaður biður í brjefi 6. þ.m. um álit fátækranefndarinnar fyrir synjun hennar um bæjarveruleyfi Sæmundar Steindórssonar í Pálsbæ. Svarið skyldi vera, að með því að Sæmundur þiggi nú styrk af sinni sveit og hefði þegið hið síðasta árið, sem nefndin hefði sönnur fyrir, þá þætti hún hafa fulla ástæðu til að synja honum um tómthúsleyfi hjer í bænum, og þar sem hann beiddist leyfisins einungis um 1 ár, hefði hún ekkert vald til að veita slíkt leyfi, samkvæmt úrskurði landshöfðingjans.

2. Níels á Klöpp beiddist í brjefi 10. þ.m. um viðbót til meðgjafar með Sigurði Theodór, upp í 80 Kr. um árið, og var það veitt.

3. Sólveigu Einarsdóttur var eptir beiðni hennar veittar 72 Krónur um árið, eða 6 Kr. um mánuðinn.

Fundi slitið.

H. Sveinbjörnsson G. Þórðarson Jóh Olsen B Bjarnason
H Kr Friðriksson. Ólafur Guðlaugsson

Ár 1877, fimmtudaginn 25. dag januarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

x1. Guðmundur Jónsson í Hábæ biður um meðgjafar-hækkun með hálfsystur sinni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Maríu Bjarnadóttur upp í 70 krónur, en hefir áður haft 40 kr.; var ákveðið, að reyna samning við hann.

x 2. Oddrún Samúelsdóttir biður um í brjefi, dags. 10. þ.m. um styrk framvegis til húsaleigu í húsi Einars mikkara Jónssonar, og þar með ritaði Einar mikkari Jónsson í brjefi dags. 23. þ.m., þar sem hann biður um húsaleigu ~~fyrir húsaleigu~~ fyrir Oddrúnu frá því í sumar, að Jón Ólafsson fór, og til þess í vor. Var ákveðið, að borga húsaleigu fyrir Oddrúnu frá 1. degi febrúarmánaðar, en fátækranefndin mundi ábyrgjast húsaleigu hennar framvegis, en hún yrði að leggja fram, hvað hún gæti.

x 3. Ingunn Magnúsdóttir biður um 83 aura um daginn fyrir Jón Blöndal, í stað 66 aura, sem hún nú fær. En þeirri beiðni var neitað beinlínis.

x 4. Magnús Finnsson biður í brjefi 15. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Ákveðið var, að grennslast eptir ástæðum þessa Magnúsar, og hvaða ónæði það væri, er hann hjeldi meðgjafarlaust.

x 5. Ákveðið var, að leyfa factor M. Smiths, að selja 50 tunnur rúgs og 25 tunnur mjöls á 5½, og 600 ℔ af kaffi.

Fundi slitið.

[illegible]. H. Kr. Friðriksson. Jóh. Olsen G. Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, fimmtudaginn 8. dag febrúarm., átti fátækranefndin fund með sjer.

X 1. Guðrún Benidiktsdóttir í Miðhúsum beiðist í brjefi 7. dag febrúarm. um borgun fyrir húsaleigu og aðhlynningu í 5 mánuði, 2 krónur um mánuðinn. Var ákveðið, að svara því, að fátækranefndin fyndi eigi ástæðu til, að borga húsaleigu fyrir Kristján eptir beiðni hennar, en aptur á móti mundi nefndin fús á, að veita henni sjálfri hjálp, ef ~~h~~ hún þyrfti og leitaði þess.

Fundi slitið.

[illegible] H Kr Friðriksson Jóh Olsen

B Bjarnason G Þórðarson

Ólafur Guðlaugsson

Ár 1877, fimmtudaginn 22. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer, og stýrði yfirkennari H. Kr. Friðriksson fundinum í forföllum formannsins.

x 1. Þá var tekin fyrir aptur beiðni Magnúsar Finnssonar 15. f.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sjá fundinn 25. f.m.), og varð það atkvæði nefndarinnar að synja leyfisins, vegna þess, að Magnús væri maður með öllu fjelaus og auk þess allmikill drykkjumaður.

X 2. Andrjes Erlendsson biður í brjefi 17. f.m. um tómthúsmennskuleyfi; en nefndin var samhuga á því, að ~~[illegible]~~ synja um leyfið, með því að Andrjes væri blásfátækur, sem ætti ekkert, og auk þess ætlaði að fara að búa með sveitarómaga úr næsta hrepp.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.ˣ Árni Gíslason biður í brjefi 21. f. m. um styrk til útfarar Gísla heitins bróður síns, sem nýlega er dáinn, og voru honum veittar til þess 30 Kr., og enn fremur skyldi hann hafa 4 Krónur, sem meðgjöf með Gísla heitnum fyrir hálfan febrúarmánuð, sem Gísli var á lífi.

4. Halldór Sigurðsson á Grund skyldi fá 21 Krónu fyrir kvenmannsfæði til þjónustu við Jón Jónsson og konu hans Ástríði Einarsdóttur frá 25. d. janúarm. til 17. febrúarm., gegn endurgjaldi af Álptanesshrepp.

Fundi slitið.

~~H. A. Fridriksson~~. Joh Olsen G. Þórðarson

Ólafur Guðlögsson B. Bjarnason —

Ár 1877 fimmtudaginn 8. Marzmánaðar ~~var~~ átti fátækranefndin fund með sjer og stýrði Prokurator Guðm. Pálsson fundinum sem settur bæjarfógeti í fjærveru herra bæjarfógeta og sýslumanns L. E. Sveinbjörnssonar. —

1.ˣ Halldór Jónsson í Múla í Biskupstungnahreppi biður (í brjefi 25. f. m.)
Brjef N 130-77. um tómthúsmannsleyfi hjer í kaupstaðnum á næstkomandi vori og var leyfið veitt. —

2.ˣ Guðrún Jónsdóttir í Bráðræði sækir ~~um~~ í brjefi dags.
Brjef N 91-77. 10. f. m. um ~~ber~~ dvalarleyfi fyrir ekkjuna Ingibjörgu Jónsdóttur á Giljalandi í Dalasýslu upp á sitt ás frá næstkomandi fardögum. En með því nefndin álítur að allar hinar sömu ástæður, sem voru því valdandi að ekkju þessari áður hefir verið synjað um samskonar leyfi (sbr. fund

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þóttist nefndin eigi hafa neina hvöt framar nú en þá að veita hið umbeðna leyfi. —

3. Formaður lagði fram bréf sýslumanns Rangárv.
Bþf. N 126-77. 9. Jan. þ. á. þar sem hreppsnefndin í Vestur-landeyjahreppi viðurkennir sveitfesti ekkju Jóhönnu(?) sál. Þorsteinssonar frá Akureyri.

4. Enn fremur var lagt fram bréf hreppsnefndarinnar
Bþf. N 82-77. í Kjósarhreppi 30 Des. 76 þar sem hún viðurkennir hreppshelgi Jóhanns Jónssonar á Barti en óskar að honum eigi verði lánað neina án samþykkis nefndarinnar. Eru bæði þessi Nr (3, 4) # að eins til leiðbeiningar. —

+5. Matthías Björnsson biður í bréfi 7. þ. m. um
Bþf. N 137-77 húsaleigu til 14. Maí næstk. fyrir sig, börn & konu hans og var ákveðið að borga Matthíasi leigu fyrir Janúar & febr. þ. á. að svo miklu leyti sem sú leiga enn er ógreidd, en frá 1. þ. m. skyldi honum að eins borgað 1 kr. um mánuð utan.

+6. Var ákveðið að afsala sér öllu því korni, sem Konráð Smith hefði beðið um fyrir fátækrasjóðinn og tilkynna það verzlunarstjóra Smiths líka, sömuleiðis kaffi því er hann hefði pantað í þessu skyni.

Fundi slitið.

Gjört um herra bæjarfógeta
L. E. Sveinbjörnssonar,
[illegible]
ritari.

H Kr Friðriksson Jóh Olsen
G Pétursson B Bjarnason
Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877 hinn 22. Marts átti fátækranefndin fund með sjer.

×1. Var lögð fram beiðni Sveins í Sandagerði um tómthúsmannsleyfi fyrir Guðmund Guðmundsson frá Eyvindarkoti og var það veitt.

×2. Var lögð fram beiðni Guðlaugs Þorsteinssonar á Hafnfirðingabúðum um tómthúsleyfi, en með því hann ekki hafði alveg neitt þá til um tíma og nefndinni þótti varasamt, hvort maðurinn sje í fremsta lagi að hann geti fengið leyfið var ákveðið að leita ítarlegri upplýsinga um hann. –

3. Var gefin út ávísun uppá 27 kr. 82 a. fyrir eldri reikning Henriette Bagge-[illegible] [illegible].

[illegible] G. Þórðarson Joh. Olsen
B. Bjarnason

Ár 1877, fimmtudaginn 12. dag aprílmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer og stjórnaði yfirkennari ~~H.K.~~ Friðriksson fundinum í sjúkdómsforföllum bæjarfógetans.

1. Í brjefi dags. 11. þ.m. biður Jón Jónsson garðyrkjumaður um 10 króna styrk, og var ákveðið að hjálpa honum um þær

2. Guðrún Jónsdóttir í Hólakoti biður um, að hún fái ávísaða meðgjöf með Ólavíu Ólafsdóttur að helmingi, ~~meðgjafar~~ með því að hún að eins fengi helming meðgjafarinnar af Thorkillii sjóði, og var meðgjöfin ávísuð, 33 kr. 30 aur.

3. Anna Guðmundsdóttir, kona Einars Hjaltesteds, biður, í brjefi 10. dag aprílm. um að taka af sjer 3 börnin, eða láta sig ~~fá~~ hafa tillag svo sem því nemur; en nefndinni kom saman um, að ~~svara~~ því, að nefndin gæti eigi veitt þetta, en mundi styrkja hana, eptir því sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Í brjefi 21. f. m. beiðist amtmaðurinn í
suðuramtinu álits fátækranefndarinnar
um kröfu Ólafs Þórðarsonar fyrir greptrun-
arkostnað Þórðar Þórðarsonar, er drukkn-
aði árið 1870, og bendir til, að fátækranefndin
gefi loforð um borgun kostnaðar þessa,
eptir sundurliðuðum reikningi, sem
amtmaðurinn síðar úrskurði; að
frádregnum 4 kr. 70 aur., sem eignir
hins látna námu, og sem voru afhentar
móður hins látna, og verður það þá 29 kr.
60 aur., sem amtmaður virðist leggja til
að Ólafi sjeu greiddar úr fátækrasjóði
Reykjavíkur. Eptir nokkrar umræður varð
sú niðurstaðan, að fátækranefndin kvaðst
mundu greiða útfararkostnað þann, sem
hjer ræðir um, er Ólafur Þórðarson
kæmi með sundurliðaðan reikning,
úrskurðaðan af amtmanni, þó svo, að
reikningur þessi eigi fari fram úr
29 kr. 60 aur., er þær 4 kr. 70 aur. voru frá-
dregnar, er eptirlátnir munir Þórðar
heitins voru metnir til, og sem fá-
tækranefndin taldi sjer óskylt að
endurgjalda.

Fundi slitið.

H Kr. Friðriksson G. Þórðarson Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877 föstudaginn 25. Maímán. átti fátækra~~stjórnin~~ nefndin fund með sjer; í fjærveru bæjarfógeta herra L. E. Sveinbjörnssonar mætti fyrir hans hönd sem settur bæjarfógeti, yfirrjettarprókúrator Guðm. Pálsson.

1. Jón Ívarsson í Skálholtskoti sækir í brjefi 15. þ. m. um tómt
Bþf N 250. húsmennskuleyfi að minnsta kosti um tíma. Eptir nokkrar umræður ályktaði nefndin að hún eigi gæti veitt hið umbeðna leyfi einkum með tilliti til þess að beiðnin að eins væri bundin við tíma, og nægar skýrslur, sbr. 11. þ. m. um [illegible] að öðru leyti vantaði.

J N 243. 2. Hreppsnefndin í Mosfellssveit óskar leyfis til að ekkja Jóns Bernharðssonar mætti setjast hjer að með 2 börnum, var því neitað með því hún væri bláfátæk og lægi við sveit.

J N 3. Margrjet Pálsdóttir biður í brjefi 21. þ. m. um 24 kr. styrk af fátækrasjóði og var samþykkt að veita henni það í þetta skipti.

J N 247. 4. María Heilmann biður í brjefi 16. þ. m. um ábyrgð fyrir húsaleigu, en með því upplýsingar vantaði um upphæð húsaleigunnar og aðrar kringumstæður er þar að lúta, var áformað að fresta að gjöra út um þetta mál þangað til nákvæmari skýrslur ~~lægju~~ væru fyrir hendi.

J N 244. 5. Bjarni Jónsson skósmiður afsegir í brjefi dagsettu 17. þ. m. að halda lengur drenginn Einar Eyjúlfsson er hann tók til kennslu haustið (sbr. fund 9. desbr. 1875.) Var áformað að leita ítarlegri upplýsinga um þetta mál og fresta því til næsta fundar.

Fundi slitið.

Í fjærveru herra bæjarfógeta
L. E. Sveinbjörnssonar,

Guðm. Pálsson, settur. H. Kr. Friðriksson. E. Þórðarson. Jóh. Olsen
Ólafur Guðlaugsson B. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, fimmtudaginn 14. dag júnímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

x1. Þá var tekið til umræðu, hver börn skyldi stinga upp á að fengju styrk af Thorkillii-sjóði. Presturinn hafði eigi getað komið, en sent uppástungu um það efni. Uppástunga nefndarinnar var sú, að

| | | | meðl. | skólagj. |
|---|---|---|---|---|
| 31/12 63 | a, | Ástríður Jónsdóttir skyldi fá | 40 Kr. | 20. |
| 7/11 64 | b, | Ólavía Ólafsdóttir | 40 | 20. |
| 31/12 64 | c. | Guðrún Sigurðardóttir Klettakoti | 40 | 20 |
| 1/2 65 | d. | Þorgeir Þorgrímsson | 40 | 20. |
| 7/10 65 | e. | Símon Bjarnason | 40 | 20 |
| 11/9 66 | f. | Egill Rosinkranzson | 80 | 20. |
| 1869 | g. | Halldór Jóh. Kristinn Halldórsson sonur Halldórs söðlara 8 vetra. | 80 | 20. |
| 1867. | h. | Guðrún Sigurðardóttir (Friðrikssonar) 10 vetra. | 40 | 20. |

En skyldi eigi svo mikið fást, þá vill nefndin stinga upp á, að Halldór Halldórsson fái að eins 40 kr. í meðlag.

x2. Málfríður Guðbrandsdóttir biður í brjefi 12. þ. m. um, að fátækranefndin taki að sjer nýfætt barn sitt, sem hún lýsir August Olafsson föður að. Rjeð nefndin af, að koma barninu fyrir, og tókst Jóhannes Olsen að sjer að koma því fyrir; en formaðurinn lofaði að rita August Olavsen um meðgjöf með barninu.

3. Þess skal hjer getið, að Þórði skóara Þórðarsyni var komið fyrir hjá Guðrúnu Einarsdóttur á sjúkrahúsinu gegn 15 krónur um mánuðinn.

Fundi slitið.

J. Guðmundsson   HKFriðriksson.   Jóh Olsen   G Þórðarson

Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877 fimmtudaginn 12. Júlí ~~var~~ átti fátækra-
nefndin fund með sjer; í ~~forfo~~ sjúkdómsforföllum bæjarfógeta
L.E. Sveinbjörnssonar mætti fyrir hans hönd fulltrúi hans,
Prokurator Guðm. Pálsson. —

1. Var fátækrastjóra ~~......~~ ~~falið~~ Ólafi Guðlaugssyni falið að
útvega skýrslur um ýmiskonar fólk karla og konur,
sem eru í leyfisleysi í Kaupstaðnum, svo lögreglan
geti hlutast ~~epo~~ gegn því eða aðrar ráðstafanir ~~verðar~~
gjörðar.

2. Margrjet Guðmundsdóttir í Skaptabæ biður um styrk af
úr fátækrasjóði og voru henni veittar 6 kr. en gjört var
ráð fyrir að útvega sem fyrst upplýsingu um hvar
hún átti sveit. —

3. Hreppsnefndin í Álptaneshreppi biður um 130 kr. endur-
+ gjald fyrir uppeldiskostnað Erlendar Guðmundssonar,
barni Guðrúnar Jónsdóttur frá Merkisteini og var
því neitað. —

4. Hreppsnefndin í Biskupstungnahreppi biður um að
+ Hallgrímur Guðmundsson verði fluttur á sveit sína
Vegabr. útg. 2/8 77 og gjörði nefndin ráð fyrir að flutningurinn fram færi
sem fyrst.

5. Spyr kaupmaður Robb um hvort fátækranefndin
× vilji leysa út úr veðbandi bæ Jóns Guðmundssonar
sem veðsettur er Robb fyrir 100 kr. auk vaxta. Var ákveðið
að svara Robb að fátækrastjórnin mundi vilja leysa
bæinn út fyrir 60 kr.

6. Var ávísað reikningi Konsúls Smiths 188 kr. 85 a.

Fundi slitið.

Vegna bæjarfógetans,
Guðm. Pálsson,
fm.

H. Kr. Friðriksson. B. Bjarnason

Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1876 fimmtudaginn 9. dag ágústmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður lagði fram brjef frá H. C. Robb, dags. 1. þ.m., þar sem ~~b~~ kveðst eigi vilja taka boði fátækranefndarinnar um 60 kr. fyrir skuld Jóns Ingimundarsonar, en býðst að gjöra sig ánægðan með 80 Kr., og var það samþykkt með því skilyrði, að þetta fje yrði borgað Robb á næstu 4 mánuðum.

2. Páll Melsted biður í brjefi dagsettu 6. þ.m. um hérvistarleyfi fyrir Brynjólf Brynjólfsson frá Klausturhólum, og var það leyft.

3. Kristján Hróbjartsson biður í brjefi dags. 20. júlí þ.á. um 50 kr. lán til að borga skuld fyrir barn sinn, en nefndin ályktaði að svara því, að hún ekki gæti lánað neitt fje, en hann mundi geta fengið lán úr sparisjóðnum ef hann fengi trausta-ábyrgð fyrir barni sínu.

4. Þá var þess getið, að nefndin hefði neyðzt til að taka Ásdísi Daðadóttur frá Pjetri í Skildinganesi sökum illrar meðferðar.

Fundi slitið.

Sveinbjörnsen. H Kr Friðriksson. Ólafur Guðlaugsson

Ár 1877, fimmtudaginn 13. dag ~~ágúst~~ septemb., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður las brjef frá Margrjetu Guðmundsdóttur, ódagsett, þar sem hún skýrir frá lífsferli sínum.

2. Oddur Hallórsson biður í brjefi 27. f.m. að taka Sæunni Guðmundsdóttur, sem þar hafi verið í sumar, sem allra fyrst, og heimtar 50 aura með henni um sólarhringinn, en 66 aura, síðan barnið fæddist; en fátækranefndin afrjeð, að neita alveg borgun, þar eð enginn nefndarmanna hafði komið henni þar fyrir; en afráðið var, að koma barninu fyrir sem fyrst, á sem hentugastan og ódýrastan hátt, og tók Jóhannes Olsen það að sjer, að koma barninu fyrir, en láta kvenmanninn fara til sinnar átthaga.

3. Þorsteinn alþingismaður Jónsson biður í brjefi 30. ágúst þ. á., um að Rannveig Jónsdóttir, sem á sveit í Vestmannaeyjum, megi vera hjer til næsta vors, og var það leyft.

4. Guðrún Gunnlaugsdóttir biður í brjefi, dags. 10. þ.m. um 10 krónur með Sigríði Þorkelsdóttur um árið. Nefndinni kom saman um, að þar sem hún væri hennar viðráðið hjá, gæti til orða komið, að hún fengi nokkra meðgjöf með henni til næsta vors.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Bjarni Mónsakari biður um 40 kr. um árið með Mörtu Lárusdóttur, og er brjefið dags. 11. þ. m. Ákveðið var, að svara því, að þar sem Bjarni hefði tekið hana í vor upp á sín býti, gæti hann eigi fengið 40 krónur, en Jóhannes tók að sjer að tala við Bjarna, og reyna að semja við hann.

6. Stiptsyfirvöldin beiddu í brjefi 12. þ. m. um skýrslu, hvar börnum þeim væri komið fyrir, sem styrks ættu að njóta af Thorchillii sjóði. Afráðið var, að svara því, að 4 börnunum væri komið fyrir á góða staði; en hin 4 væru reyndar hjá foreldrum sínum, en nefndin áliti, að hentugri staðir fengjust eigi, enda væru 3 af hinum 4 hin sömu, sem styrkinn hefðu notið áður, og verið á sömu stöðum; en skyldu stiptsyfirvöldin eigi vilja samþykkja verustaðina, áskildi nefndin sjer, að mega stinga upp á öðrum börnum til að fá þennan styrk.

7. Því næst var samin áætlun um tekjur og útgjöld fátækrasjóðsins árið 1878, og var hún þannig:

I. Tekjur

1. sjerstakar tekjur sjóðsins:

| | |
|---|---|
| 1. Vextir af skuldabrjefi sjóðsins | 36 Kr. |
| 2. Tekjur af fasteignum og húsum | " |
| 3. Tekið af arðberandi höfuðstól | " |
| Flyt | 36 Kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Tíund ~~af~~ til fátækra . . . Flyt — 36 Kr. „

5. Rentur ~~til~~ fátækra og gjafir . . . 230 — „

6. Hundaskattur . . . 30 — „

7. Andvirði fyrir seldar reitur sveitarómaga . . . 50 — „

8. Önnur óviss gjöld, þar í lán, sem kunna að gjaldast aptur . . . 500 — „

896 Kr.

II. Útgjöld.

A. Til að forsorgunar og framfæris ómögum og þurfamönnum . . . ~~4300 Kr.~~

1. Framfæri sveitarómaga . . . 4380 Kr.
2. Til þurfamanna . . . 1452 —
3. — vitstola . . . 400 —
4. Greptrunarkostnaður ómaga . . . 100 —
5. Lögflutningur ómaga . . . 20 —
6. Fátækralyf . . . 100 —

B. Óviss útgjöld . . . 40 —

6492

8. Barni Guðrúnar Halldórsdóttur var komið fyrir hjá Hans Jónssyni ~~[illegible]~~ fyrir 2 Kr 65 aura um vikuna frá 30. ~~sept~~ þ. á., gegn endurgjaldi af sveit Guðrúnar, Selvogs.

9. Einari Eyjólfssyni var komið fyrir hjá Friðfinni skóara, gegn því að hann fengi nokkuð til fata og þjónustu kaup svo sem allt að 18 Kr. um árið.

10. Tekið fram, að nauðsyn bæri til, að koma þeim börnum, sem væru hjer í leyfisleysi, og óumflýjanlega yrðu til þyngsla, sem allra fyrst.

Guðr. Sk. 4 Kr. 62 um vik.

Fundi slitið.

H. Kr. Friðriksson G. Þórðarson Joh. Olsen

[illegible]

Ólafur [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, 27. dag septembermán. átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Margrjet Guðmundsdóttir biður um styrk, og verður henni hann veittur eptir þörfum.

2. Valgerður Björnsdóttir bað í brjefi 24. þ. m. um 8 króna styrk um mánuðinn; hún hefur áður fengið 6 Kr. um mánuðinn með húsaleigu. Bjarna Bjarnasyni var falið, að grennslast eptir þessu, með því að hún sagðist eigi hafa fengið 5 Kr. mánaðarlega.

3. Vigfús Árnason biður í brjefi 23. þ. m. um leyfi til að vera hjer tómthúsmaður um eitt ár, en því var neitað algjörlega.

4. Rannveig Jóhannsdóttir biður um 4 Kr 66 aura í húsaleigu fyrir Guðrúnu Skaptadóttur frá 14. maí til 30. ágúst, og var það ekki ávísað.

5. Ólafi Guðlaugssyni voru ávísaðar 5 Kr. 25 aur. fyrir hýsingu á Aldísi Daðadóttur og 5 Krónur fyrir flutning á Pjetri Guðmundssyni og hyski hans.

6. Oddur Halldórsson endurnýjar bón sína, sem kom fram á fundinum hinum síðasta, um meðgjöf með konu sinni og barni hennar, með því að hann ekkert svar hefði fengið upp á fyrra brjef sitt, en fátækranefndin afrjeð hið sama, sem áður.

Fundi slitið

H. Kr. Friðriksson  G. Þórðarson  B. Bjarnason

Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, miðvikudaginn 3. dag októberm., átti fátækrastjórnin fund með sjer, og stjórnaði yfirkennari H. Kr. Friðriksson fundinum í sjúkleikaforföllum bæjarfógetans.

1. Var lagt fram brjef amtmannsins í suðuramtinu, dags. 1. þ.m., þar sem hann biður um ástæður fyrir synjun á aðsetursleyfi hjer í bænum handa Vigfúsi Árnasyni. Var ályktað að svara því, að synjunin væri byggð á því, 1, að hann hefði beðið um leyfið að eins um eitt ár, en eptir úrskurði landshöfðingja hefði nefndin eigi vald til að veita slíkt leyfi; en auk þess hefði hann eigi gefið nokkra sem helzt skýringu um ástæður sínar, og hann væri nefndarmönnum með öllu ókunnur.

2. Þorlákur Jónsson á Brekku biður í brjefi 7. ágúst þ.á. um 8 Kr. 30 a., sem sig vanti upp í meðgjöf með Bjarna Þórðarsyni; en með því slíkt var misskilningur einn, var eigi neitt við það gjört.

3. Þá var lagt fram brjef frá "Magistratinu" í Kaupmannahöfn dags. 31. d. ágústm. þ.á., þar sem spurt er um, hvort fátækranefndin hjer kannaðist við, að Ingibjörg Jónsdóttir ætti hjer framfærslurjett, og kannaðist nefndin við það.

4. Þá var lagt fram brjef frá stiptsyfirvöldunum, dags. 28. þ.m., þar sem þau skýra frá, að þau geti ~~dags.~~ að eins veitt af Thorkillisjóði 20 Kr. styrk þeim börnum, sem sjeu í foreldrahúsum, og biðja því um nýjar tillögur um útbýtingu styrksins. Sóknarpresturinn var þar viðstaddur, og varð sú

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niðurstaðan, að auk þeirra ~~3~~ 4, sem eigi eru í foreldrahúsum, þ. e. Ólafíu Ólafsdóttur, Þorgeirs Jörgínssonar, og Egils Rósinkranzsonar, og Ástríðar Jónsdóttur, stakk nefndin uppá:

| | | medl. | kennslur |
|---|---|---|---|
| 29/4-64 | að: Málmfríður Ólafsdóttir fengi | 40 Kr. | 20 Kr. |
| 11 vetr. | — Ingvar Guðmundur Nikulásson | " | 20. |
| 7/10-69 | — Hannes Hannesson (vaktara) | 80 | ~~20~~ |
| 7/1-67 | — Þórður Jóhann Jensson | 80 | 20. |
| | — Guðrún Sigurðard. ~~[illegible]~~ í Klettak. | " | 20. |

og verður Málmfríð. Hannesi og Þórði komið fyrir á hentuga staði.

Fundi slitið

~~H Kr Friðriksson~~ Hallgrímur Sveinsson

Ólafur Guðlaugsson

Ár 1877, fimmtudaginn 11. dag októbermán. átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður lagði fram brjef frá Guðrúnu á Bergi dags. 10. þ. m. biður um 4 Kr. fyrir aðhjúkrun á Ingibjörgu Maríu í sumar, og var það veitt.
2. Sigurði í Kasthúsum voru veittir 66 aur. um daginn með Guðrúnu Skaptadóttur frá því hún kom um miðjan septemb. til þessa; en hana skyldi flytja sem fyrst.
3. Eyjólfur Pálsson biður um styrk til að endurreisa bæ sinn, og voru honum veittar 10 krónur ~~[illegible]~~ í við.
4. Ingunn Magnúsdóttir hefur ~~[illegible]~~ tekið barn Guðrúnar Halldórsdóttur, Valdimar Júlíus, og skyldi hún fá 3 krónur um vikuna, meðan það væri veikt.
5. Barn Fredrikku Hölter var komið fyrir hjá Elís Jónssyni í Norðurkoti í Melahverfi á Kjalarnesi með 80 kr. meðlagi um árið.

Fundi slitið

~~H Kr Friðriksson~~ G. Þórðarson Jóh. Olsen

Ólafur [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, fimmtudaginn 25. dag októbermánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer. Bæjarfógetinn gat eigi komið sökum lasleika, og stýrði yfirkennari H. Kr. Friðriksson fundinum í hans stað.

1. Var lesið upp brjef stiptyfirvaldanna, dags. 16. þ. m., þar sem þau tilkynna, að þau hafi veitt úr Thorkilliisjóði.

| | | Uppeldisstyrk. | Kennslustyrk. |
|---|---|---|---|
| 1. | Ólavíu Ólafsdóttur, f. 7/11-64 | Kr. 40 | 20. |
| 2. | Þorgeiri Jörgenssyni f. 1/9-65 | 40 | 20. |
| 3. | Agli Rosenkranssyni f. 11/4-66 | 80 | 20. |
| 4. | Ástríði Jónsdóttur f. 24/12 63 | 40 | 20. |
| 5. | Ingvari Gestm. Nikulássyni, 11 vetra. | " | 20. |
| 6. | Guðrúnu Sigurðardóttur á Klettak. f. 1867 | " | 20. |
| 7. | Málmfríði Ólafsdóttur f. 29/4-64 | 40 | 20. |
| 8. | Þórði Joh. Jenssyni f. 7/7-67 | 80 | 20 |
| 9. | Hannesi Hannessyni f. 7/10-69 | 80 | " |
| | Samtals | 400 | 160 |

2. Jón Jónsson garðyrkjumaður biður í brjefi 21. oktob. 1877 um styrk, án þess þó að taka til, hvers hann þyrfti. Fátækranefndin ákvað, svo sem áður, að honum mundi verða veittur styrkur, eptir því sem hann þyrfti með, er hann leitaði þess.

3. Í brjefi 25. oktob. 1877 biður Gísli Björnsson á Bakka fátækrastjórnina um að sjá um, að Ólöf Ólafsdóttir komist burtu frá sjer. En fátækrastjórnin gat eigi álitið, að það mál kæmi til hennar sem slíkrar; enda væri Gísla sjálfum innan handar að flytja hana á hrepp sinn, Kjalarneshrepp.

4. Í brjefi 23. þ. m. biður Katrín Árnadóttir í Melshúsum um styrk handa sjer og heimili sínu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fátækranefndin ákvað, að hjálpa henni eptir þörfum, þá er hún leitaði þess.

Fundi slitið

H. Kr. Friðriksson. Joh. Olsen. G. Þórðarson
B. Bjarnarson

Ár 1877, fimmtudaginn 8. dag nóvembermánaðar, átti fátækrastjórnin fund með sjer.

1. Björn Gíslason biður, í brjefi 10. sept. þ. á., um meðgjöf með Sigríði Sigurðardóttur, 4 fiska um vikuna, eða alls 104 fiska, en fátækrastjórnin neitaði alveg borgun, með því að lýsing hans á stúlkunni væri með öllu ósönn, og hann hefði alls eigi uppfyllt loforð sitt með uppfræðslu hennar.

× 2. Gísli Guðmundsson í Lillabæ biður um 6 krónur um mánuðinn í meðgjöf með barni Guðrúnar Jónsdóttur, frá 1. degi október mánaðar. Bæjarstjórnin samþykkti meðgjöf þessa.

× 3. Rannveig Sigurðardóttir frá Steinnesi í Húnavatnssýslu biður í brjefi 24/10 77 um leyfi til að sebjast að hjer í bænum með syni sínum. Fátækranefndin gaf leyfið, meðan hún væri hjer til lækninga.

× 4. Kristbjörg Guðlaugsdóttir biður í brjefi 31. f. m. um styrk gegn endurgjaldi frá syni sínum Ólafi Guðmundssyni í Ásgarði í Grímsnesi, eða hreppi hennar, Grímsnesi. Fátækranefndin kvaðst mundu veita henni styrkinn eptir þörfum.

5. Þá var þess getið: 1, að Ámundur Gissurarson hefði farið til Jóns Þórðarsonar í Ánanaustum 31. októb. – 2. Ragnhildur Símonardóttir til Ingunnar í Melshúsum 17. októb. 3. Guðrún Skeptadóttir til Magnúsar Árnasonar í Miðarhúsum 23. októbermán. 12 kr. um mán. 4, Málfríður frá Vega-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mótum til Guðrúnar á Bergi 26. októberm.
Meðgjöfin með Ámunda væri 80 Kr. um árið, með Ragnhildi sama meðgjöf og áður. — með Guðrúnu 144 kr. um árið. — með Málmfríði með 80 kr., en uppbót nokkurri í vetur.

Ákveðið var, að láta Magnús Stephensen í Viðey fá 20 kr. í meðlag með Jóni Jóhannssyni, svo framarlega sem hann eigi væri sveitlægur í Seltjarnarneshreppi.

Afráðið var, að koma Ásdísi Daðadóttur fyrir á góðum stað, ef fengist.

Fundi slitið.

H Sveinbjörnsson ~~M~~ Friðriksson Joh Olsen G Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson B Bjarnason

Ár 1877, fimmtudaginn 22. dag nóvembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1.x Magnús Finnsson biður í brjefi 19. nóv. þ.á. um leyfi handa konu sinni til að dvelja hjer átölulaust til næsta vors. Nefndin ákvað, að kalla konuna og Hans, sem hún er í húsum hjá, fyrir og sekta þau fyrir óleyfilega dvöl og töku í bæinn.

2.+ Bjarni Björnsson í Valgerðarbæ biður í brjefi 20. nóv. þ.á., ~~biður í brjefi~~ um 40 kr. styrk til meðgjafar með barni sínu. Þessi maður á hrepp í Rangæingasýslu, en ~~hjeti~~ Nefndin ályktaði, að neita honum styrk þann, en skrifa þegar austur um hann.

3. Einar Eyjólfsson biður í brjefi 19. þ.m. um styrk til að lifa af, því að hann hefði alls ekkert. Nefndin ályktaði að fresta máli þessu, með því að einn nefndarmanna hafði von um, að geta komið honum fyrir uppi í sveit.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.ˣ Gunnlaugur Þorkinnsson úr Árnessýslu, biður í brjefi 20. þ.m. um að mega setjast að hjer í bænum ásamt kvennmanni. Nefndin ályktaði, að heimta betri upplýsingar, en hann hafði gefið, en fresta málinu að öðru leyti.

5.ˣ Árni Hildibrandsson, formaður fátækranefndarinnar í Álptanesshreppi, biður í brjefi 15. þ.m., að Jón Illugason mætti vera hjer til næsta vors; var það leyft, með því skilyrði, að nefndin í Álptaneshrepp sækti hann þá sjálf, Reykjavík að kostnaðarlausu.

6.ˣ Guðrún Þórðardóttir biður í brjefi 17. þ.m. um styrk til að lifa af; nefndin ákvað, að hjálpa eptir þörfum.

7. Einar Eiríksson biður, í brjefi 21. þ.m. um 52 kr. meðgjöf með því barni, sem hann hefur tekið af fátækranefndinni. Nefndin ákvað að taka barnið burt sem allra fyrst, ef hann gæti ekki lengur haft það fyrir hinn síðara tíma að einu eptir 80 kr. meðlagi um árið.

8. Þá var stungið upp á, að kaupa um 30 tunnur af mat, 20 tunnur af rúgi og 10 tunnur af bankabyggi, og grjónum og var það samþykkt.

Fundi slitið.

Thomsen. Fridriksson. Joh. Olsen G. Þórðarson
Olafur Gudlaugsson B. Kristjánsson

Ár 1877, fimmtudaginn 13. dag desembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer, og stýrði Thomsen fundinum í forföllum bæjarfógetans.

1. Í brjefi 25. dag nóvembermánaðar biður Þórður Jónsson í Kasthúsum í framhaldi af beiðni hans fyrir 2 árum um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu var frestað til næsta fundar, og Bjarna Bjarnasyni falið að leita allra upplýsinga um hann, sem auðið væri.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+2. Í brjefi 10. þ.m. biður Alexíus Árnason um hækkun á meðgjöf með Kristínu Þorsteinsdóttur úr ~~hækkun~~ 108 Kr. upp í 132 Kr. um árið, annars verði nefndin að koma henni fyrir frá 1. janúarmánaðar, og var það veitt.

×3. Þorlákur Magnússon biður í brjefi 10. þ.m. um 70 Kr. lán til meðgjafar með barni sínu í Tjarnarhúsi, ofan á þær 40 Kr., sem hann fjekk að láni 1875; en fátækrastjórinn rjeð af, að synja þessum styrk, því kunni það, að hún sæi eigi, að beiðandinn ætti eigi að geta komist af með eigi meiri ómegð en hann hefur, og þá atvinnu, sem hann stöðugt hefði.

+4. Johann Hallmann biður í brjefi 11. þ.m. um styrk á yfirstandandi vetri, og var afráðið að svara því, að honum mundi hjálpað eptir þörfum.

+5. Jónas Benidiktsson í Sveinskoti á Álptanesi biður í brjefi 19. nóv. þ.á. um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum í næstkomandi fardögum, og var leyfið veitt.

+6. Guðmundur Jónsson í Steinsholti biður í brjefi 4. dag þ.m. um 40 Kr. lán, en nefndin neitaði láninu, en þóttist munu veita honum styrk, eptir því sem nauðsyn krefði.

×7. Gunnlaugur Halldórsson biður í brjefi 5. dag desembermánaðar um, að fátækranefndin veldi greiða honum 24 Kr. í húsaleigu fyrir Jens Þórðarson, og mætti hann þá vera þar framvegis. Upphæð húsaleigunnar var samþykkt.

+8. Ólafur Jónsson í Hlíðarhúsum biður í brjefi 12. dag þ.m. um meðgjafarstyrk með Ásmundi syni sínum og Halldóru sál. Þorvaldsdóttur, eins mikinn og móðurinni hefði borið að greiða, ef lifað hefði. En nefndin afrjeð að synja alls styrks, það því heldur, sem hann hefði áður skýlaust lofað, að halda barnið meðgjafarlaust.

+9. Egill Guðnason biður í brjefi 5. d. þ.m. um 30 Kr. lán, en nefndin synjaði alls láns, en kvaðst mundu veita honum smávægan styrk eptir þörfum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Í brjefi 12. dag desemberm. þ. á. skýrir Chr. Zimsen frá, að sá hluti af gjöfum ýmisra hreppa, sem Reykjavík beri, sje 22 kr. 73 aur., og muni verzlunarstjóri Jón Steffensen greiða þetta fje, og fylgdi þar með ávísun upp á þetta.

11. Friðriku Guðmundsdóttur voru veittar 12 krónur fyrir nóvembermánuð fyrir Ingiríði Einarsdóttur.

Fundi slitið.

~~H. Kr.~~ Friðriksson. Jón Ólsen. G. Þórðarson. B. Bjarnason.
Ólafur Guðlaugsson

Ár 1877, fimmtudaginn 27. dag desembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Afráðið var, að borga Oddi Halldórssyni meðgjöf með Guðjóni Jónssyni frá 13. degi septembermánaðar þ. á., og þannig bæta honum upp það, sem ávantaði fyrir þennan tíma.
2. Þorvaldur Klængsson skýrir frá í brjefi 15. þ. m., að hann geti eigi haldið ómagann Guðríði Þorkelsdóttur framvegis fyrir minna en 60 kr. um árið. Málinu var frestað þennan tíma, en Bjarni Bjarnason skyldi semja við hann.
3. Sigurður Jónsson í Móakoti biður í brjefi dags. í dag um 10 kr. meðgjöf um mánuðinn með tengdaföður sínum Jóhannesi Guðmundssyni; var það afráðið, að veita honum 8 kr. um mánuðinn.
4. Um beiðni Þórðar Jónssonar í Kalkhúsum í brjefi 28. f. m. (sbr. næsta fund á undan) að mega setjast að hjer í bænum, var afráðið, að veita leyfið.
5. Kristján Gíslason í Görðunum biður um 3 kr. fyrir hverja af þeim 9 vikum, sem hann þegar hafi haldið Einar Eyjólfsson. Afráðið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var, að koma Einari fyrir sem ultra-fyrch, en veita Kristjáni 15 Kr. fyrir þann tíma, sem liðinn væri til nýársins

6. Guðrúnu Gunnlaugsdóttur voru veittar 20 krónur í meðgjöf með Sigríði Þorkelsdóttur til 14. dags maímánaðar næsta ár.

7. Samþykkt var, að taka korn og annað það, sem þurfamönnum væri ávísað, í hlutaveltu-verzluninni, gegn því, að rúg kostaði 19½ kr. en á bankabyggi, kaffi og sykri fengi fátækrasjóðurinn 6% afslátt; en borgun skyldi greidd áður en fyrsta gufuskip færi hjeðan næsta ár, fyrir það, sem þá væri búið að taka.

Fundi slitið. –

L. Sveinbjörnsson. H.Kr. Friðriksson. G. Þórðarson Jón Olsen
B. Bjarnason

Ár 1878, fimmtudaginn 10. dag janúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

I. Ómagar fastir

1. Fyrst voru skrifaðir upp ómagar 1878, og voru þeir þessir.

| Nr. | Nöfn. | Aldur | Húsbændur. | Meðgjöf |
|---|---|---|---|---|
| x 1. | Anna Ásmundsdóttir | 11. | Jón í Gröf. Kjalarn. | 80 Kr. |
| 2. | Anna Ásmundsdótt. ekkja | 44 | í Melshúsum | 120 |
| 3. | Bjarni Þórðarson | 13. | Tómas Tómass. í Lambhús. | 80 |
| 4. | Einar Magnússon | " | Jóhanna Einarsd. | 80 |
| 5. | Ekkja Bjarna Kristjánss. | | með 3 börnum. í Hlíðarhús. | 160 |
| 6. | Einar Jónsson | 10. | Jón Jónsson á Tjarnarhús. | 72 |
| 7. | Guðrún Skaptadóttir | 75 | Magnús Árnas. á Hlíðar. | 144 |
| 8. | Guðríður Þorleifsdóttir | 77. | í Melshúsum | 60 |
| 9. | Guðrún Ásmundsd. | 11. | Gísli á Bakka | 72 |
| 10 | Guðmundur Kr. Guðmunds. | 9. | Guðm. á Austurvelli | 80 |
| ~~11.~~ | Guðmundur Jónsson | 53. | Ólafur Guðlaugsson | 168 |
| 12. | Hjörtur Jónsson | 14 | Sigurður á Brekku (til fardaga) | 20 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Ald. | Husbændur | Medg. |
|---|---|---|---|---|
| | 13. Jón Helgason | 20. | Magnús Árnason | 120 Kr. |
| 12 | 14. Haraldur Jónsson | 5. | Gudrún Gudjohnsen | 80 – |
| 13 | 15. Gudrún Jónsdóttir | 2. | Tómas. Tómasar Eldhúsi | 80 – |
| | 16. Gudmundur Gissurars. | | Jón Þórdars. Árnan. | 80 – |
| + | 17. ~~Hannes~~ Gudmundur Gissurars. | Bjn. | Einar Arason | 80 – |
| + | 18. Jón Jónsson | 77. | Bjarni Oddsson | 80 – |
| × | 19. Kristín Þorsteinsd. | 85. | Alexíus Árnason | 132 – |
| × | 20. Kristinn Magnúss. | | Einar Einarss. Sund | 80 – |
| | 21. Marta Lárusd. – | 24. | | 20. |
| | 22. Margrjet Einarsd. – | 47. | Ekkja Snorra með 2 börn | 132 – |
| | 23. Margrjet Jónsd. – | | Ólafur Gudlaugsson. | 48. |
| | 24. Gudrídur Þorkels. | 74. | Þorvaldur Klængsson | 60 – |
| | 25. Ólafur Þórdars. | 9. | Sveinn í Sauðagerdi. 120 frá 1. júlí 1878. | 80 – |
| × | 26. Ólöf Jónsdóttir | 75. | Anton á Vindheim. | 80 |
| | 27. Ragnhildur Ásmunds. | 14. | Gísli Magnússon – | 20 – |
| | 28. Sigurdur Theodór – | 20 | Níels á Klöpp (til maí). | 80 – |
| | 29. Salvör Ketilsd. | 81. | í Hlíðarkoti – | 60 |
| | 30. Þórdís Ólafsd. | 77 | Mad. Möller – | 60 – |
| | 31 Þorkell Helgas. | 13. | Grímur Gudnason | 80 – |
| | 32. Þórunn Einarsd. | 14 | Jóhanna Einarsd. | 80 – |
| | 33. Þorvaldur Einarss. | 11 | Gudlaug á Steinum. | 80 – |
| 29. | 34. Þorvaldur Ásmundss. | 9. | Jón Oddsson á Mýrarh. | 80 – |
| | 35. Þorgerdur Þorláksd. | 14 | Hafliði Gudmundss. | 13 – |
| | | " | á Hlíðarhúsum (til maí) | 60 – |
| 31. | 36. Ingibjörg Eiríksd. | 7. | Gudlaug á Steinum, | 80 – |
| 32. | 37. Friðmann Sigurdss. | 7. | Páll Magnússon – | 36. – |
| | 38. Magnús Magnúss. | | Einar á Sandi – | 56 – |
| 34. | 39. Kristín Ólafsdóttir. | 69 | Gudrún Tómasd. – | 180 – |
| 35. | 40. Þórdur skóari – | " | í Hlíðarkoti – | 70 |
| 36 | 41. Solveig Einarsdóttir | " | í Brennu – | 96 – |
| 37. | 42. Sigrídur Bjarnad. | " | Gudm. í Kálfak. | 80 – |
| | 43 Vilborg Magnúsd. | " | | |
| | 44. Ólafur Sigurdss. | " | Ólafur Þórdars. Nesi. | 80 – |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Nr. | | | |
|---|---|---|---|---|
| 40. | 45 | Valgerður Björnsd. | Þorsteini vaktara | 84 Kr. |
| | 46. | Barn Ingibjörg. Maríu | Þ. í Haarastaðakoti | 80 — |
| | 47. | Ólavía Ólafsd. | Guðrún Jónsd. í Hólsh. | 40 — |
| | 48. | Einar Eyjólfsd. | Jón Erlendsd. | — |
| 43 | 49. | Þorgeir Jörgínsson | Guðrúnu á Bergi | 40 |
| 44 | 50. | Barn Friðrikku Hölter | Elís Jónsson á Norðurk. í Melahverfi | 80 — |
| 49 | 51. | Sumarlína dóttir Friðrikku Hölter, Sumarliðad. | Jón Sigurðsson á Akranesi | 80 — |
| | 52. | Barn Guðrúnar Jónsd. | Gísli Guðmundsson á Litlabæ | 72 — |
| | 53. | Málfríður Ólafsd. | Guðrún á Bergi | 40 — |
| 48 | 54. | Benid. Benidiktsson | Eyjólfur í Akrakoti. Einari halta | 80 — |
| | 55. | Jóhannes Guðmundss. | Sigurður í Ábakoti | 96 — |
| | 56. | Ingibjörg Guðmundsd. | Mad. Lambertz. | 288 — |

II. Þurfamenn.

1. Einar Bjarnason í Smiðjunni — 60 Kr.
2. Einar Magnússon í Skólabæ — 40 —
3. Henriette Bagge — 100 —
4. Einar Hjaltested — 72 —
5. Lárus Hölter — 80 —

III. Utitola

1. Ragnhildur Sumarsdóttir, hjá Ingunni 288.

2. Guðmundur Guðmundsson frá Brennu í Lundareykjadal biður í brjefi dags. 17. dag desemberm. f. á. um tómthúsmannsleyfi; en nefndin afrjeð að neita leyfinu að sinni, með því, að beiðandinn alls engar upplýsingar hefði ~~gefið~~ gefið um hagi sína.

3. Grímur Gunnlaugsson á Króki í Garðhverfi biður í brjefi 29. f. m. um sama leyfi, og var afráðið að svara honum sama sem hinum fyrri.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Guðrúnu Jónsdóttur á Bergi var heitið 2 Kr. um mánuðinn, fyrir kennslu Jóns Jónssonar frá miðjum oktob. f. á. til 14. maí í vor.

Fundi slitið.

H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson.
[illegible] Ólafur Guðlaugsson. B. Bjarnason.

Ár 1878, fimmtudaginn 24. dag janúarmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer, og stýrði yfirkennari H. Kr. Friðriksson fundinum í forföllum bæjarfógetans:

1. Guðmundur Hjörtsson frá Hvaleyri, nú í Grjóta hjer í bænum, biður í brjefi 23. þ.m. um húsmennskuleyfi hjer í bænum ásamt móður sinni; en með því að alls engar skýringar fylgdu með brjefi þessu, um hagi beiðandans, gat nefndin eigi veitt leyfið að sinni.
2. Jóhannes Pálsson í Hólakoti biður í brjefi 22. þ.m. um húsaleigustyrk fyrir Kristínu Þorkelsdóttur frá síðustu Krossmessu til næstu vordaga og sömuleiðis meðgjöf með henni frá veturnóttum. En með því að fátækranefndinni var ókunnugt um Kristínu þessa, eða hvort hún væri hjer sveitlæg, rjeð nefndin ~~..~~ af að fresta máli þessu uns nákvæmar skýrslur fengjust um hana.
3. Ásdís Daðadóttir biður í brjefi 16. þ.m. um 20 króna styrk til vors. Var af ráðið, að veita henni 5 krónur um mánuðinn að húsaleigustyrknum meðtöldum.
4. Hreppsnefndin í Kjalarneshrepp mótmælir því, að Gísla Þorsteinssyni sje veittur styrkur af fátækranefnd Reykjavíkur.
5. Jósef Jónsson biður í brjefi 12. þ.m., að fátækranefndin útvegi stað handa syni hans og Guðrúnar Pálsdóttur. Málinu var frestað, en Guðmundi Þórðarsyni falið, að tala við Jósef og kynna sjer málavexti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Ávísaður reikningur frá sjúkrahúsinu fyrir legu Sigríðar Gísladóttur frá Steinsstöðunum 116 Kr. 40 aur.
7. Þá var skýrt frá, að húsnæði væri útvegað frá 1. d. næsta febrúarm. á Steinbergsstöðum um 4 Krónur um mánuðinn fyrir Rannveigu Seby, og eldra barni hennar þennan mánuðinn og fyrir 1 Kr. um ~~mánuðinn~~ vikuna hjá Vigdísi Waage ~~sem~~ þess hefði ~~kvenmaður~~ verið hjá henni, síðan hún hefði lagst.

Fundi slitið.

~~Ath Friðriksson~~ G Þórðarson B. Bjarnason
Jóh. Olsen Ólafur Guðlaugsson

Ár 1878, fimmtudaginn 14. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer, og stjórnaði yfirkennari ~~Ath Friðriksson~~ fundinum í sjúkdómsforföllum bæjarfógetans.

1. Þá var lagt fram brjef frá vikkaría Magnúsi Árnasyni þar sem hann óskar meðgjafar með Jóni Blöndahl, ef hann ætti að gjöra hann fullnuma í trjesmíði. En með því að Jón þegar væri orðinn fullvaxta, en væri nú að öllu heilbrigður, taldi fátækramálið sjer [málið] óviðkomandi með öllu.
2. Guðmundur Jónsson í Steinholti ber fram í brjefi 12. þ. m., að fátækranefndinni hafi gleymst að ákveða og ávísa honum meðgjöf með hálfsystur hans Maríu Margrjetu Bjarnadóttir, og var ákveðið að laga það.
3. Jón Ingimundarson í Selsholti biður í brjefi dags. 6. d. þ. m. um tenzwari barns meðlagi; en þetta hljóti og að vera einhver misskilningur, sem nefndin á hvað að laga.
4. Guðmundur ~~Jónsson~~ Hjörtsson frá Hvaleyri endurnýjar í brjefi 13. þ. m. beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjer í bænum, og sendir með vitnisburð sóknarprests og fyrverandi húsmóður sinnar, og var leyfið veitt.

3. Guðmundur Jónsson biður í brjefi 4. þ.m. um styrk, 10 kr. – 12, og var hann vísaður upp á sveit hans, Mosfellssveit.

4. Dreng Jósefs Jónssonar (sbr. næsta fund á undan) hafði hann sjálfur komið fyrir hjá Ingibjörgu í Skálholtskoti gegn því, að fátækranefndin ábyrgðist meðgjöfina, sem væru 2 kr. um vikuna, og var afráðið að nefndin tæki að sjer ábyrgðina, en verður að líta svo á málið, sem það sje lán til Jósefs sjálfs upp á sveit hans. Drengurinn fór í vistina 4. marz.

5. Viðvíkjandi brjefi Jóhannesar Pálssonar 12 p.m. um meðgjöf með Kristínu Þorkelsdóttur, var afráðið að grennslast eptir samning um við Seltjerninga, sem hinn fyrverandi bæjarfógeti segir að gjörður hafi verið við Seltjarnarneshrepp um kvenmann þennan.

6. Grímur Gunnlaugsson ~~bað~~ endurnýjar í brjefi 4. p.m. beiðnina ~~um~~ tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum (sbr. fund 10. f.m.), og skýrir frá ýmsu viðvíkjandi högum sínum, og var leyfið veitt.

7. Karólínu Hansdóttur voru ávísaðar 2 kr. 50 aur. fyrir umönnun á Rannveigu Sæby (Kaupmannahöfn), og fyrir Elís Eggertsson í 7 daga 5 krónur og 80 aura (Mosfellssveit); Jóhanni ~~Hallssyni~~ voru ávísaðar 2 kr. 50 aur. fyrir Margrjetu ~~að vera~~ ~~ómagakonu~~ dóttur, að vera hjá Rannveigu Sæby (Kaupmannahöfn). — Friðriku Guðmundsdóttur voru ávísaðar 4 kr. fyrir umönnun á Ingiríði Einarsdóttur í desembermánuði.

Fundi slitið

H. Kr. Friðriksson. Jóh. Olsen G. Þórðarson

Ólafur Guðlaugsson K. Bjarnason

Ár 1878, fimmtudaginn 28. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sér

1. Arndís Daðadóttir biður um 6 kr. fyrir hvern þann dag, sem hún hafi verið hjá Rannveigu Sæbye, 28. dag janúarm. – 7. d. febrúarm.; en henni skyldi svarað, að með því að hún eigi verið beðin um þetta gæti hún ekkert fengið.

2. Valgerður Gunnlaugsdóttir biður um 4 kr. borg. fyrir hvern mánuð í húsaleigu fyrir Rannveigu Sæby frá 26. janúar, og var það veitt.

3. Ingibjörg Jónsdóttir biður um 1 kr. 33 aur. fyrir að hreinsa herbergi handa Rannveigu Sæby, og var henni veitt 1 kr.

4. Ólafur Þorkelsson í Bráðræði biður í bréfi 14. þ.m. um, að fátækranefndin taki móti sér í vor, og útvegaði sér húsnæði. Fátækranefndin áleit hentast, að hann kæmi hingað.

5. Bjarni Símonarson biður um 1 kr. 50 aur. fyrir húsaleigu fyrir Rannveigu Sæbye frá 16. des. f.á. til ársloka, og 3 krónur í sama skyni frá 1. jan. til 26. jan. þ.á., og enn fremur 1 kr. 50 aur. fyrir að hreinsa herbergi hennar. Nefndin ákvað, að honum skyldi ávísa að tiltölu eptir 3 krónum um mánuðinn frá því deginum áður, en Rannveig ól barnið; með því enginn hefði beðið hann fyrir hana fyr; en fyrir hreinsunina skyldi hann fá 66 aura.

Fundi slitið.

H. Sveinbjörnsson H. Fridriksson Ólafur Gudlaugsson
B. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 14. dag marzmánaðar átti
fátækranefndin fund með sjer.

\+ 1. Hreppsnefndin í Hraunamannahrepps skrifar í
brjefi 21. d. des. 1877 með því, að Gunnlaugur
Þorsteinsson fái tómthúsmennskuleyfi hjer í bæn-
um; sbr. fund 22. d. nóv. fyrra árs. Var afráðið,
að veita leyfið.

\+ 2. Jón Jónsson í Tjarnarhúsum biður um
meðlag með
barni Þorláks Magnússonar fyrir 1877, og
þær 45 Kr., sem eptirstandandi af meðlagi með
að fátækranefndin vildi ábyrgjast honum
meðgjöfina framvegis; og var afráðið, að veita
honum hið umbeðna.

\+ 3. Gunnlaugur Guðmundsson í Melshúsum
biður í brjefi 12. þ.m. um tómthúsmennsku
leyfi hjer í leyfi, og var það veitt.

\+ 4. Kristján Gíslason í Görðunum skýrir í brjefi
21. þ.m., að hann vilji og geti eigi haldið Einar
Eyjólfsson lengur, en heimtar 50 aur. um dag
hvern með honum frá nýári. Enn fremur
biður hann um föt handa honum, svo að
hann geti róið. Afráðið var, að svara honum því,
að hann skyldi fá þær 15 Kr., sem hann skuldi
bæjarsjóðnum. En ~~afráðið~~ reynt skyldi, að koma hon-
um fyrir.

5\. Ákveðið var, að ~~Fundi slitið~~ veita Jóhannesi
Húsalegu fyrir Kristínu Þorsteinsdóttur 1 Kr. um
mánuðinn frá 1. d. jan. þ. á., og meðgjöf eptir samningi.

Fundi slitið.

LSveinbjörnsson. HKr.Friðriksson G.Þórðarson Joh Olsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 28. dag marzm., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. 27. þ. m. beiddi verzlunarstjóri Lange, sem umboðsmaður hinna kaþólsku húsa í Landakoti, að fátækranefndin vildi taka að sjer borgun fyrir legu Bjargar Guðmundardóttur [?] ~~til~~ í sjúkrahúsinu í Reykjavík gegn endurgjaldi af framfærsluhrepp hennar, sem hann segir sje Bæjarhreppur í Borgarfjarðarsýslu. Var ákveðið að svara því, að þegar kaup [?] hennar, sem hún ætti óeytt, væri búið, þá mundi fátækranefndin annast um borgunina.
2. Einar Einarsson á Sandi biður í brjefi 27. þ. m. að meðgjöf með Kristínu Ólafsdóttur verði hin sama sem í fyrra, og sömuleiðis með barninu Guðmundi Magnússyni, og var ákveðið, að svara því, að meðgjöfin yrði hin sama, sem í fyrra.
3. Hólmfríður Magnúsdóttir, kona ~~[illegible]~~ Bjarna skóara, biður um, að hún megi fá nú þegar þær 10 krónur, sem hún eigi enn eptir af meðgjöf með Mörtu Lárusdóttur til krossmessu í vor, og var það veitt.
4. Ólafi Guðlaugssyni voru veittar 7 krónur auk hinnar umsömdu meðgjafar, fyrir hið sjerstaklega umstang, sem hann hefði haft fyrir Guðmundi heitnum Jónssyni hinn síðasta mánuðinn, og aukakostnað, sem af banalegu hans hefði leitt.
5. Jóhannes Olsen skýrði frá, að hann hefði talað við Jóhannes Pálsson málara um meðgjöf með Kristínu Þorsteinsdóttur, og hefði hann eigi …

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viljad taka Kristínu fyrir minna en 80 Kr. um árid, og var samþykkt ad veita þetta medlag frá 1. janúar þ. á., en húsaleigan skyldi þó burtfalla.

Fundi slitid.

Guðmundur Thorsteinsson? H. Kr. Fridriksson  Jón Ólsen  Gissurdarson
B. Bjarnason
Ólafur Gudlaugsson

Ár 1878, fimmtudaginn 11. dag aprílmánadar, átti fátækranefndin fund med sjer, og stjórnadi yfirkennari H. Kr. Fridriksson fundinum í fjarveru bæjarfógetans:

+1. Í brjefi dagsettu 4. þ. m. beidist Halldór Jónsson í Vilborgarkoti um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var þad veitt. — Afsagt

+ 2. Í brjefi dags. 10. þ. m. bidur Eiríkur Sveinsson um húsaleigu fyrir Rannveigu Jónsdóttur í 8 mánudi til loka þ. mánadar, 1 Kr. 33 aura um mánudinn, eda samtals 10 Kr. 64 aura, gegn endurgjaldi af hrepp hennar Vestmannaeyjum, og var þad veitt, og ávísad.

+ 3. Í brjefi 10. þ. m. ~~skýrir~~ Þorsteinn Jónsson frá ~~tveim~~ ad uppi vanti húsaleigu fyrir Valgerdi Björnsdóttur 12 Kr. frá krossmessu 1877 til sumardags 1878, ~~med~~ en 12 Krónur sjeu þegar borgadar, en býdst til ad taka hana framvegis fyrir 84 Krónur, og var því bodi tekid.

4. Syni Jörgens Þorgeirssonar, Jóni, var komid fyrir hjá Þorsteini í Stödlakoti Jónssyni, gegn 80 Krónum um árid.

5. Jóhannes Olsen bidur um medgjöf med Ástrídi systur sinni, 12 Krónur um mánudinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða 144 krónur um árið frá nýári 1878, og var það veitt.

Fundi slitið.

HKrFriðriksson  G Þórðarson  Joh Olsen  K Kjærnested

Ólafur Guðlaugsson

Ár 1878, fimmtudaginn 9. dag maím. átti fátækra- ~~fátækranefndin~~ nefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 4. þ.m. bað Diðrikka Hölter um nýjan verustað handa barni sínu, sem nú er á Staðarhöfða, og var Bjarna Bjarnasyni falið á hendur að koma barninu fyrir.

2. Í brjefi 23. f.m. bað Valgerður Björnsdóttir um ~~24~~ hærra leigustyrk, 24 kr. um árið, auk þess styrks, sem hún nú hefur, en hún megi vera á sama hátt, sem hún nú ~~hefur~~ er; og var því hafnað, en látið skyldi við það, sem afráðið var á síðasta fundi.

3. Gunnar Árnason á Hvaleyri biður í brjefi 26. f.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum; en því var neitað, sökum þess að hann væri mikill óreglumaður og drykkfelldur, og auk þess bláfátækur.

4. Guðni Guðmundsson skóari biður í brjefi dags. 20. f.m., að fátækranefndin vildi greiða 109 kr. 7 a. legukostnað fyrir vinnukonu hans Önnu Bjarnadóttur, sem er sögð að eiga sveit í Andakílshrepp. En nefndin taldi, að hjeðan af gæti þetta mál eigi tekið til sín, úr því þetta hefði ekkert verið nefnt við hana áður, og synjaði því borgun úr fátækrasjóði Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Jóhann Heilmann biður um 27 Kr. í afallna húsaleigu, og ~~var það veitt~~ með því fátækranefndinni var alveg ókunnugt um þessa leigu, eða fyrir hve langan tíma þessi húsaleiga væri, gat nefndin eigi veitt hana að þessu sinni, meðan hún fengi eigi meiri skýringar um málið.

6. Í brjefi 2. maí biður Ásdís Daðadóttir um styrk til norðurferðar, og hafði bæjarfógeti ávísað henni 15 Kr.

Fundi slitið. —

L. Sveinbjörnsson H. Kr. Friðriksson G. Þórðarson
Joh. Olsen B. Kristjánsson Ólafur Guðmundsson

Ár 1878, fimmtudaginn 23. dag maímánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Árni Kristjánsson biður í brjefi 5. marz þ. á. um leyfi til að mega setjast að hjer í bænum. Með því að maður þessi ekki skýrði hið minnsta frá högum sínum, verustað, og nefndin þekkti alls ekkert til hans, ákvað nefndin, að leyfið geti ekki orðið veitt að sinni.

2. Guðmundur Halldórsson biður um, að fá borgaðar 9 kr. 33 aur. í húsaleigu frá 1/3–10/5, og voru honum ávísaðar 8 kr. fyrir 2 mánuði eptir skýrslu fátækranefndarinnar, að hann hefði lofað að sleppa þeim 10 dögum af maí mánuði.

3. Elín Jónsdóttir, ekkja Ingimundar prentara, biður um, að koma Guðjóni syni sínum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í hentugum stað, þar sem hann geti lærkeiss-hvernidnað, og var ákveðið, að (reyna að) útvega honum einhvern samastað, og var Bjarna Bjarnasyni falið, að umgangast það.

4 Í brjefi 16. þ.m. biður Kristján í Görðunum um 56 kr. í meðgjöf með Einari Eyjólfssyni til Krossmessu; en með því að nefndin alls ekkert hefði samið um þetta mál við Kristján gat Kristján ekkert fengið að þessu sinni.

5. Jóhannes Heilmann biður í brjefi í dag, að fátækranefndin vildi borga ~~Felix~~ Eyþóri Felixsyni 20 kr., sem eptir stæðu af húsaleigu hans; og var það veitt.

6. Stefán Stefánsson á Miðseli, frá Hvammi í Kjós biður í brjefi 11. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

7. Mattías Pjetursson biður í brjefi 18. þ.m. um styrk til að endurbæta bæ sinn; en því var neitað fyrst um sinn.

8. Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu biður í brjefi 1. þ.m. um viðurkenningu fátækranefndarinnar um sveitlægni Jóns Arnljótssonar, vinnumanns á Dvergasteini, hjer í bænum, og kannaðist nefndin við, að hann væri hjer sveitlægur.

Fundi slitið.

L. E. Sveinbjörnsson. H. Kr. Friðriksson. B. Bjarnason
Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877 7. júní kl. 5 e. m. átti fátækranefndin fund með sér. Halldór Friðriksson og Jóhannes Olsen ~~og~~ ekki mættir þrátt fyrir venjulegt fyrirkall

1. Bréf Árna Hildibrandssonar frá 22. f. mán. var lagt til hliðar, af því að óvíst þótti hvort Oddbjörg sú, er það getur um, sé sveitlæg hér, enda hefði hún engan styrk þegið hér enn af sveit.

2. Var neitað að veita frest samkvæmt bréfi sýslumannsins í Árnessýslu, frá 31. maí þ. á. um frest á borgun skuldar Selvogshrepps.

3. Samkvæmt bréfi Páls Eyjólfssonar frá 15. f. m. var samþykkt að greiða honum 5 kr. um mánuðinn í húsaleigu fyrir Jóhann Hellmann og fylgi hans frá þeim degi í maímánuði, er Jóhann kom til Páls, og meðan hann stendur þar við.

4. Var falið bæjarfulltrúa Guðmundi Þórðarsyni á hendur að semja við Egil Hallgrímsson um meðgjöf með Þórdísi Jónsdóttur, sem getur um í bréfi hrepps-nefndar~~innar~~ Vatnsleysustrandarhrepps frá 4. f. m.

5. Var neitað að veita Jóni Jónssyni garðyrkjumanni styrk til að ferðast vestur með Díönu.

6. Bæjarfógetinn skýrði nefndinni frá, að eftir því sem sér ~~hefði~~ verið skýrt frá hefði yngra barn Rannveigar Sæbys hingað til verið hjá Ørodin. Guðjohnsen fyrir 15 kr. um mánuðinn, ~~en~~ nú ~~ætlaði hann~~ ~~Guðjohnsen~~ að væri nauðsynlegt að koma því fyrir á öðrum stað. Fól fátækranefndin móðurinni að koma því fyrir fyrir 7 kr. um mánuðinn eftirleiðis, og tók móðirin það að sér. Fyrir eldra barnið ákvað fátækranefndin að láta móðurina hafa einnig 7 kr. Þaraðauki voru ákveðnar Rannveigu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eptirleiðis eins og hingað til 4 kr í húsaleigustyrk

7. Var ákveðið að leggja frá 14 þ.m. 20 kr mánaðarlega með Guðrúnu Pálsdóttur hjá Þórir Jónssyni á Hellulandi og 10 kr mánaðarlega einnig frá 14 maí með Guðmundi Magnússyni hjá Markúsi á Þormóðsstöðum.

Fundi slitið

Jón Jónsson G. Þórðarson Ólafur Gunnlaugsson B. Hjarnason

Ár 1878 hinn 13. júní kl 5 e.m. átti fátækranefndin fund með sér.

1. Lagt var fram bréf Hans Jenssonar um Gróu Guðmundsdóttur. Nefndin gat ekki fallist á að borga Hans neinn lækningakostnað fyrir veru Gróu hjá honum, meðan kostnaður þessi var ósannaður. Hvarámóti gat nefndin ekki skorast undan að greiða legukostnaðinn á spítalanum, ef formaður fátækranefndarinnar hefir lofast til um, að hlutaðeigandi stúlka va lögð þar inn.

2. Var ákveðið að þiggja boð Benedikts Ásgrímssonar í bréfi frá 10. þ.m. um að taka Guðjón Sigmundsson til kennslu fyrir 90 kr fyrsta árið, og eptir samkomulagi fyrir minni borgun næsta ár ef þess ekki með.

2. Var samþykkt að hækka meðgjöfina með Þórdísi Ólafsdóttur uppí 84 kr á ár og eptirleiðis, meðan hún lifir og verður þar sem hún nú er, allt samkvæmt bréfi Guðnýjar Möllers frá 7. þ.m.

4. Var Ólafi Guðmundssyni ~~neitað~~ er í bréfi frá 3. þ.m. hefir beðið um tómthúsmennskuleyfi, neitað um tómthúsmennskuleyfi

5. Var Helgu Þorlaksdóttur veitt 40 kr styrk til að endurbæta bæ sinn eins og hún hafði beðið um í bréfi frá 6. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Nefndin fól Ólafi Gudlaugssyni á hendi að koma fyrir barninu Stefani Fridriki Stefánssyni

Fundi slitið

Jón Jónsson sett. H. Kr. Fridriksson. Joh. Olsen

Ólafur Gudlaugsson

Ár 1878 hinn 27. juni kl 5 atti fátækranefndin fund á þingstað bæjarins

1. Nefndin fellst á að raðstofan gjöri gjørd til að fá obligatiónina № 786 uppá 100 kr. útborgaða og í hennar stað couponsobligatión.

2 Formaðurinn skýrði frá að hann 21. þ. m. hefði samkvæmt beiðni héraðslæknis ic látið Önnu Ásmundsdóttur flytja á sjúkrahúsið

3. Beiðni Rannveigar Sigurðardóttur um ~~tvö~~ lenging á húsmennskuleyfi var, þegar Halldór Fridriksen og Bjarni Bjarnason mæltu á móti því að hún fengi ~~þetta~~ leyfi ~~fr~~ frestað að svara fyrst um sinn.

4. Beiðni Gudmundar Jónssonar á Pálshúsum um húsmennskuleyfi var ~~neitað~~ frestað ~~at svar~~ til næsta fundar að svara, og var falið ~~Gudmundi~~ fátækrastjóranum á hendi að kynna sér ástæður hlutaðeiganda.

5. ~~Hallmannsfólkinu~~ Nefndin gekkst undir að borga sanngjarna húsaleigu fyrir Hallmannsfólkið fyrst um sinn framvegis, ~~meðan~~ eins og það se búið að útvega sér húsnæði annarstaðar en þar, sem það sé nú.

6. Nefndin samþykkti að ábyrgjast húsaleigu Ólafs Þorkelssonar, sem nú er kominn hingað frá Akranesi, 30 kr. um árið og hálfan lóðartoll.

Fundi slitið

Jón Jónsson sett. H. Kr. Fridriksson. Ólafur Gudlaugsson

B Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878 hinn 11. júlí átti fátækranefndin fund á þingstað bæjarins

1. Beiðni Guðmundar Jenssonar um hús-mennskuleyfi var frestað um óákveðinn tíma að svara.

2. Stefáni Arnbjörnssyni vegna óreglu var frestað að svara um húsmennskuleyfi og hafði hann sótt um það í bréfi frá 9. þ. m.

3. Var veitt Margrjeti Guðmundsdóttur í Skaptabæ 1 kr. viðbót við mánaðarstyrk hennar, þannig að hún fái alls 6 kr. um mánuðinn, samkv. bréfi hennar frá í gær.

Fundi slitið

Jón Jónsson settr. H Kr Friðriksson. Joh. Olsen.

Ár 1878. 12 septbr kl 5 e. m. átti fátækra-nefndin fund með sér.

1. Bæjarfógetinn skýrði frá því, að hann hefði leitað að því í fátækranefndarbókinni, hvort Bjarni Bjarnason er að var vinnumaður hjá Thomsen en síðan settist að hér í tómthúsmennsku hefði fengið leyfi til tómthús-mennsku, en ekkert um það fundið. Ákvað því nefndin að skora á bæjarfógeta að höfða mál gegn Bjarna vegna ólöglegrar húsmennsku.

2. Lagt var fram bréf frá Kjöbenhavns Magistrat frá 18. júní þ. á. um Rannveigu Sæby og var ákveðið að senda hana með börnum hennar til Khafnar með næstu póstskipi, nema því að eins að ættingjar eða aðrir skyldir skerist í leikinn.

3. Lagt var fram bréf austanmanns með einu fylgiskjali viðvíkjandi Gunnari Árnasyni [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og Jóhannes Olsen hafa opt séð ~~drukt~~ Gunnar drukkinn á almannafæri, og að þeir ~~ofti höfuð að tala~~ þekki Gunnar svo, að þeir geti staðhæft að hann sé óreglu-maður. Samkvæmt þessu og með því að Gunnar sjálfur játar að hann sé bláfátækur ákvað nefndin að halda því fram að hann þurfi ekki húsmennskuleyfis

4. Nefndin viðurkendi Þórdísi Jónsdóttur sveitlæga hér ~~í..~~ og samþykkti reikning Egils Hall-grímssonar um hvern tíma samkvæmt bréfi sýslumannsins í Kjósar og Gullbringusýslu frá 25. júlí þ.á. 111 kr 90 a, gegn því að Egill haldi hana frá 14. maí þ.á. fyrir 8 kr um mánuðinn eptir loforði sínu við Guðmund Þórðarson

5. Neitað var að greiða Elínu Jónsdóttur meðgjöf með syni hennar Guðjóni 15 kr. 50 a. samkvæmt bréfi hennar frá 6. þ.m.

6. Kristbjörg Guðlaugsdóttur var veittur auka-styrkur samkv. bréfi hennar frá 2. þ.m. og nákvæmri rannsókn, sem var falin á hendur Ólafi Guðlaugssyni allt að 7 kr. Bréfið afhent Ólafi.

7. Reikningur frá Einari Jónssyni fyrir húsa-leigu Oddnýjar Sæmundsdóttur 23 kr 33 a. var samþykktur

8 Út úr bréfi Katrínar Árnadóttur í Mels-húsum 10. þ.m. var falið Guðm. Þórðarsyni og Jóhannesi Olsen á hendur að ráða fram úr vandræðum hennar vegna húsleigu.

9. Ákveðið var að hjálpa Eyjólfi Pálssyni til að gera við bæ sinn samkvæmt bréfi hans frá í dag meðan mögulegt [illegible]
Svo var bréfið afhent Halldóri Friðrikssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Gamalíel Oddsson, bidr um húsmennsku-leyfi. Var máli þessu frestað til nákvæmari rannsóknar.

11. Fátækranefndinni var tilkynnt

1. bréf Skaptafellssýslu frá 20. f. m. um Sæmund

2. bréf héraðslæknis frá 4 f. m. um Pálínu Guðmundsdóttur

12. Samkvæmt meðmælum Jóhannesar Ólafsdóttur var veitt Gísli Björnssyni húsmennskuleyfi frá næstkomandi fardögum 1879

13. Sveini Sveinssyni frá Borg í Stokkseyrarhreppi veitt húsmennskuleyfi frá fardögum 1879.

14. Var neitað að borga reikning Hans Jónssonar frá 13. f. m. fyrir 23 kr 76 a. meðöl og vökun handa Gróu Guðmundsdóttur, en henni vísað til hrepps hennar Akraneshrepps.

15. Sóknarprestinum stakk upp á því að þessum börnum verði veitt styrkur úr Thorchillii barnaskólasjóði:

| | meðg. | skólag. |
|---|---|---|
| Ólafía Guðríður Ólafsdóttir + | 40 | 20 |
| Þorgeir Jörgensson + | 40 | 20 |
| Egill Rozinkranz | 40 | 20 |
| Guðrún Sigurðardóttir + | " | 20 |
| Halfríður Ólafsdóttir + — — — | 40 | 20 |
| Ingvar ~~Guðm~~ Guðmundur Nikulásson | " | 20 |
| Hannes Hannesson frá Lambholti | 80 | 20 |
| Þórður Jóhann Jensson | 80 | 20 |

Þegar presturinn þar að auki ~~[illegible]~~ mælti fram með Guðrúnu Klemensdóttur ~~að~~ til þess að hún fengi styrk og tók fram að ef barn þetta engan styrk fengi myndi verða ómögulegt að útvega því [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Friðriksson: Því betra. Uppaf þessu ámintu formaðurinn Halldór um að hafa ekki slík hrá-mæli og var það ósæmilegri sem fastakennarafull-trúinn var yfirkennari við latínuskóla.

Þá veitti voru veittir skólapeningar handa Halldóri Kristinn Jóhanni Halldórssyni 20 kr.

Sigurði Valdemar Bjarnasyni 20 -

Petri Arthur Bernau 20 -

Rósu Jónsdóttur í Skálholtskoti 20 -

Uppaf áminningu formannsins, bað prestinum þess getið að hann hefði ekki talið það ósæmilegt en að eins mjög óvarlegt að útvega Guðrúnu Klemensdóttur, er ~~~~ nú er gömul og hefir lært mjög lítið í kristinna fræðum ~~fræðum~~ nokkra kennslu. ~~Fundi slitið~~. Prestinum bætti því við að hann hefði, skilið að ~~það væri~~ gaman með munvödda orð hefði verið ámælt í gamni; ~~Jón Jónsson~~ en yfirkennari Halldór tók fram, að það hefði ~~sett~~ verið full alvara, í því skyni, að það sem fyrst eyndi sig að barn þetta ekki kysofti að verða okkur til hugsla.

Fundi slitið

Jón Jónsson. Hallgrímur Sveinsson. G. Þórðarson
sett

~~H. Friðriksson~~. Jón Olsen

Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878 hinn 21. Sept. átti fátækranefndin fund með sjer. Á fundinum mætti í formanns stað yfirrjettarprokurator Guðm. Pálsson, sem eptir löggilding amtsins gegnir bæjarfógeta-embættinu í fjærveru hins setta bæjarfógeta.

Var þá samin áætlun um tekjur og útgjöld fátækrasjóðsins árið 1879 og hljóðar hún þannig:

I. Tekjur:

Sjerstakar tekjur sjóðsins:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Vextir af skuldabrjefi sjóðsins | 36 kr | " |
| 2. Tekjur af fasteignum og húsum | " | " |
| 3. Tekið af arðberandi höfuðstól | " | " |
| 4. Tíund til fátækra | 250 | " |
| 5. Bætur til fátækra og gjafir | 30 | " |
| 6. Hundaskattur | 30 | " |
| 7. Andvirði fyrir seldar reitur sveitarómaga | 50 | " |
| 8. Önnur óviss gjöld, svo sem lán, sem kunna að gjaldast aptur | 750 | " |
| | Kr 1,146 kr | |

II Útgjöld.

A. Til aðstoðar og framfæris ómögum og þurfamönnum.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Framfæri sveitarómaga | 4,900 kr | " |
| 2. Til þurfamanna | 1,400 | " |
| 3. — vitstola | 288 | " |
| 4. Greptrunarkostnaður ómaga | 100 | " |
| Flyt | Kr 6,688 kr | " |

Flutt # 6,688 Kr a

| | | |
|---|---|---|
| | 5. Vöggflutningar þurfamanna | 20 — |
| | 6. Fátækralyf | 100 — |
| B. | 7. Önnur gjöld | 40 — |
| | | # 6,848 Kr 00. |

Samkvæmt þessu verður því að jafna niður 5,702 Kr a

Fundi slitið.

Í fjærveru hins setta bæjar-
fógeta getur löggildingu [illegible],

[illegible]. H. Kr. Friðriksson. Joh. Olsen
G. Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson

Á 1878 hinn 26. septbr kl. 5 ~~setti~~ setti hinn setti bæjarfógeti Jón Jónsson reglulegan fátækranefndarfund á venjulegum stað. Aðeins bæjarfulltr. Guðmundur Þórðarson var mættr. Með því að enginn annar kom, þótti ekki fundarfært, og var fundi því slitið kl. 5, 15 mín.

Jón Jónsson
setti
G. Þórðarson

Ár 1878, fimmtudaginn 10. dag októbermán. átti fátækra-nefnd Reykjavíkur fund með sjer.

× 1. Formaðurinn lagði fram brjef 23. f. m. frá Guðmundi Jónssyni frá Miklaholti; þar sem hann endurnýjar beiðni sína um tómthúsmannsleyfi (sbr. fund 27. júní þ.á.) og var leyfið veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× 2. Í brjefi 10. f. m. biður Gamaliel Oddsson á Búastöðum um húsmennskuleyfi; en með því maðurinn væri orðinn aldraður, og konan heilsulaus, en ómegð honum talsverð, þótti nefndinni eigi ástæða til að veita leyfið.

× 3. Runólfur Árnason biður í brjefi 8. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi næsta vor, og var það veitt.

× 4. Oddur Guðmundsson á Nýjabæ á Akranesi biður í brjefi 20. f.m. um tómthúsmennskuleyfi næsta vor, fyrst um sinn 1 ár. Nefndin gat eigi veitt leyfið um eitt ár.

5. Með brjefi dags. 20. f. sendir amtmaðurinn reikning frá sjúkrahúsinu í Álaborg, að upphæð 163 kr. 50 a. fyrir Theodór Þórðarson nokkurn; en nefndin getur eigi viðurkennt, að þessi Theodór sje Reykjavík að nokkru viðkomandi, og getur því eigi borgað þennan reikning.

6. Í brjefi 8. þ.m. biður Pjetur Ásmundsson að nefndin taki að sjer son sinn Magnús; en að svo stöddu, er þetta mál henni óviðkomandi.

7. Í brjefi dags. 9. þ.m. biður Magnús Árnason um 4 kr. viðbót um mánuðinn frá 1. ágúst þ.á., og 16 kr. mánaðarlega framvegis, en taka hana ella burtu. Ákveðið var, að veita henni þessa viðbót frá 1. ág. uns hún kæmist burtu, en reyna skyldi að koma henni fyrir sem fyrst.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Stefán Friðbergsson greiðir 15 Kr. með barni sínu.

9. Í brjefi 28. f.m. skýrir sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu frá, að hann hafi boðið Lýtingsstaðahrepp 34 Kr. 96 aura fyrir Sennu Guðmundsdóttur og barn hennar.

10. Formaðurinn skýrði frá, að Björg Auðunsdóttir mundi vera sveitlæg í Stafholtstungnahrepp; en fátækranefndin hafði greitt fyrir hana í sumar nálægt 50 Kr.

11. Þorlákur Magnússon biður í brjefi 25. f.m. um meðgjöf með syni sínum Guðbjarti í Tjarnarhúsum, og var það veitt frá ~~næsta~~ byrjun þessarar mánaðar.

12. Í brjefi dags. 10. okt. skýra Stiptsyfirvöldin frá, að þau í viðbót við þá 480 kr., sem þau hafði áður veitt, hafi veitt 60 Kr. til kennslueyris handa 3 börnum, sbr. fundi 12. sept. niðurlag, og var ákveðið að veita styrkinn:
Halldóri Halldórssyni
Sigurði Bjarnasyni, og
Pjetri Levinsen.

13. Ákveðið var, að meðgjöf með Sigríði Bjarnadóttur í Brennu, sem nú er dáin, skyldi vera frá 14. maí til þess er hún dó, 12 Kr. 50 a. um mánuðinn.

14. Ákveðið að rita Sveinbirni í Sandgerði, að Guðmundur Halldórsson vildi eigi flytja úr bænum á Stóru-Bergstöðum, sem hann hefði leigt fátækranefndinni, með þeirri beiðni, að svo framarlega sem Guðmundur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði rjett til, að búa í bænum í vetur, að Sveinbjörn þó eigi leigði honum til vorsins án vitundar fátækranefndarinnar.

15. Ákveðið var, að kalla Sigríði Guðmundsdóttur (Knúbi) í Hólakoti fyrir, og sömuleiðis heimakomu þá, sem hjá henni væri, með því að hún væri sveitlæg annarstaðar, og væri hjer í óleyfi.

16. Kristín í Hólakoti var talin að vera hjer í leyfisleysi, og ákveðið að grennslast eptir hvernig á ~~hátta~~ högum hennar væri varið.

17. Ákveðið að kalla fyrir Hallberu barnsmóður Péturs Ásmundssonar. ~~og sömuleiðis Jón~~

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen ~~H. Kr.~~ Friðriksson Jóh. Olsen G. Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson

Ár 1878, fimmtudaginn 24. dag októbermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaðurinn lagði fram brjef frá Þorvarði Sigurðssyni frá Steinskróni á Rangárvöllum dags. 11. þ.m., þar sem biður um leyfi til að setjast hjer í bænum. En með því að nefndin átti eigi þekkti þennan mann, var ákveðið að fresta málinu, og leita skýringa um hann, og einn láta hann skýra frá högum sínum, en annars gæti hann eigi fengið leyfið.

2. Í brjefi dags. í dag skrifar Hans Jónsson í Grímsbæ frá, að Guðrún Þórðardóttir sje nú aptur til sín

veik, og þyrfti aðstoðar við. Afráðið var, að kynna sjer málavöxtu til næsta fundar, og reyna að semja við hann um þóknun fyrir haila nú í vetur.

3. Formaðurinn las upp brjef það, er hann hafði ritað nú með póstskipinu "Magistraten" í Kaupmannahöfn viðvíkjandi Rannveigu Sæby, og börnum hennar, og skýrði frá að hún hefði eigi orðið send til Kaupmannahafnar með skipinu, því að hún hefði eigi með nokkru móti viljað fara, enda hefði skipstjórinn nauðugur viljað taka hana.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. A. Fridriksson. G. Þórðarson
Joh. Olsen Ólafur Guðlaugsson

Ár 1878, fimmtudaginn 14. dag nóvembermánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. 12. þ.m. biður Jón í Tjarnarhúsum um meðgjöf með barni Þorláks Magnússonar Guðbjarti frá nýári 1878, og var meðgjöf þessi veitt.

2. Pálína Ólafsdóttir biður í brjefi 3. þ. um styrk, og einkum húsaleigu til næsta árs, og var húsaleiga veitt eptir nákvæmari samningi.

3. Guðrún Jónsdóttir (slagtará) biður ~~í brjefi~~ um styrk handa syni sínum Erlendi fyrir vetrarmánuðina. Ákveðið var, að grennslast eptir, hverju mikið Gísli í Litlabæ hafi fengið þetta árið frá nýári, áður en ákveðið væri, hversu mikinn styrk hún skyldi fá.

4. Kristján í Görðunum biður í brjefi 2. þ.m. um um 59 kr. fyrir Einar Eyjólfsson frá Kvosmekki í vor eð var. Ákveðið var, að svara honum því, að hann hafi þegar fengið

borgun þá, sem um var samið fyrir Einar frá 14. apríl í vor til jafnlengdar næsta vor, en fyrir næsta ár geti fátækranefndin ekkert samið að svo stöddu.

5. Í brjefi dags. 5. þ.m. skýrir Bjarni skóari frá, að Pjetur Ámundason hafi flutt til sín barn sitt fyrir 7 vikum, en hafi að eins greitt 6 Kr. með því. Hann kvaðst eigi ófús á, að halda barnið framvegis fyrir hæfilega borgun. Var ákveðið, að láta barnið vera kyrrt gegn hæfilegri meðgjöf gegn endurgjaldi af sveit móðurinnar Hallberu Þorkelsdóttur, Villingaholtshrepp.

6. Formaður bar upp bæn Margrjetar ~~G~~ Björnsdóttur, að hún mætti vera hjer framvegis. Ákveðið var, að leyfa henni að vera hjer fyrst um sinn til vorsins; en ~~láta~~ heimta af hrepp hennar skuld þá, sem hún stendur í til fátækrasjóðs Reykjavíkur, fyrir það, sem hún fjekk hjer í vetur er var, og að fá ~~jafn~~ jafnframt ábyrgð hrepps hennar, að hún skuli eigi verða Reykjavík til byrðar.

7. Formaður skýrir frá, að amtmaður hafi staðfest bann fátækranefndarinnar fyrir veru Gunnars Árnasonar í Móhúsum hjer í bænum.

8. Í brjefi 5. þ.m. biður Sigríður Guðmundsdóttir um ~~tómthúsmennsku~~ leyfi hjer í bænum, en þeirri beiðni var neitað, með tilliti til þess sem áður væri bókað um hana, sökum þess, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann hefði verið hjer ávallt í leyfisleysi, og það væri full ástæða til að neita þessari beiðni, þar sem hún ætti ~~3 4~~ börn á sveit á Hvalfjarðarströnd.

9. Ávísaðir reikningar.

a) Til Guðmundar smiðs fyrir Rannvegu Sæby í 5½ mánuð ~~á~~ 22 kr. og eldivið 11 kr. samtals 33 kr.

b. Til Krügers — 54 kr. 49 aur. fyrir lyf til fátækra.

c) Til Jóns hafnsögumanns fyrir Jón Arngrímsson 4 kr.

d. Til Ólafs Guðlaugssonar fyrir flutning á Hallberu Þorkelsdóttur ~~sem~~ að Bústöðum. — e Til Hans í Hlíðarhúsum fyrir Gróu Guðmundsdóttur — 23 kr. 76 a.

10. Ákveðið var, að rannsaka um veruheimild hjer í bænum þessara:

x Sbr. fund. 28/9 76.

1,[x] Þorlákar, sem er hjá Sigríði konu Þórarins (rauða) og hennar ~~systkina~~. — 2. Halldóru hjá ekkju Valgarðar. — 3. Hallfríðar Sigurðardóttur úr Grindavík. — 4. Einars Jónssonar, á Vegamótum — 5. Guðrúnar Hjálmarsdóttur (hjá Jóni Guðnasyni?) — 6. [9] Jónas Ólafsson frá Nabba í Flóa, hjá Þórði (kofu). — 7. Bjarni í Lindabæ. — 8. Halldór á Litlu-Grund út úr Sigríði Þórðardóttur.

9 Lausamennsku-leyfi 25. sept. 78.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. Jóh. Olsen.

G. Þórðarson Ólafur Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 12. dag desembermánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Í brjefi 14. þ.m. biður Árni Kristjánsson um tómthúsmennskuleyfi og var það veitt.
2. Skúli Jónsson á Útkoti á Kjalarnesi biður í brjefi 12. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi. En með því að hann er bláfátækur, og hann að öðru leyti ekkert [illegible] frá högum sínum, var beiðninni neitað.
3. Eiður Guðmundsson biður í brjefi 4. d. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi. En með því að hann hefur dvalið hjer í leyfisleysi í undanfarin ár, og hefur þegar þegið af sveit, og er bláfátækur, var beiðninni synjað.
4. Katrín Árnadóttir biður í brjefi 10. d. desembermánaðar biður um styrk handa sjer og dóttur sinni með 2 börnum að minnsta kosti sem svarar fullu meðlagi með öðru barninu, og var það veitt 80 kr. um árið eða að rjettri tiltölu um mánuðinn til næsta vor.
5. Friðrika Guðmundsdóttir biður í brjefi 25. þ. m. um hækkun á húsaleigu fyrir Ingiríði Einarsdóttur, alls að 20 kr. um árið, og var það veitt frá nýári næstkomandi að telja.
6. Ingunn Magnúsdóttir biður í brjefi dags. 21. þ.m. um hækkun (fyrir árið 1878) á meðgjöf fyrir Ragnheiði Símonardóttur úr 24 kr. um mánuðinn uppí 25 kr., og var það veitt.
7. Sigurður Bjarnarson biður í brjefi 12. d. þessa mánaðar um 20 kr. lán til næsta sumars. Skyldi honum svarað, að fátækranefndin mundi styrkja hann eptir því sem nauðsyn krefði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. G. Lambertsen býður fátækranefndinni kaup á bæ Einars Bjarnasonar í Smiðju, ef hún vilji borga skuld hans 155 Kr. 95 aur. Var ákveðið, að svara G. Lambertsen því, að nefndin alls eigi vildi kaupa bæ þennan, og væri honum frjálst hennar vegna að selja hann.

9. Í brjefi 10. þ.m. biður Kristrún Ásmundsdóttir um húsaleigu fyrir Kristínu Þorkelsdóttur 1 Kr. 33 a. um mánuðinn frá 1. degi októbermánaðar þ.á. Með því að ekkert sannast um, að hún hefði fengið leyfi til að setjast að hjer í bænum, var ákveðið, að leita úrskurðar amtmanns um það, hvort nefnd Kristín ætti framfærslurjett hjer í bæ eða í Seltjarnarneshrepp. Að öðru leyti var ákveðið, að greiða Kristrúnu húsaleigu fyrir Kristínu, eins og hún hafði sett upp á, frá 1. degi desembermán. þ.á.

10. Í brjefi dags. 22. sept. þ.á. biður oddviti hreppsnefndarinnar í Helgafellssveit um líðun á skuld hreppsins 63 Kr. 16 aur. til næsta vors; svo framarlega, sem fátækranefndin geti eigi tekið gilda ávísun til M. Smiths. Var ávísunin tekin gild.

11. Formaðurinn tilkynnti brjef frá "Magistraten" í Kaupmannahöfn, þar sem að fátækranefndinni ~~kraf~~ er heimtað meðlag með Henriette Bagge 50 Kr. 49 aur. fyrir ~~hálfárið~~ maím.–sept. þ.á., og ~~til~~ henni jafnframt tilkynnt, að Henr. Bagge sje lögð inn á "Almindelig Hospitals Lemmeafdeling".

12. Viðkomandi hreppur fyrir ~~austan~~ biður um, að Eiríkur Sveinsson mætti vera hjer í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með því skilyrði, að hann hreppur ábyrgðist allt, sem hann þyrfti sjer og sínum til framfæris; og var þess synjað, og ákveðið að flytja hann að verði Romancla.

Fundi slitið

Eh. Jónasson. H. Kr. Friðriksson. Joh. Olsen. G. Þórðarson
B. Bjarnason Ólafur Guðlaugsson

Ár 1879, fimmtudaginn 9. dag janúarmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur bæjar fund með sjer.

1. Voru þá áætluð meðlög með hinum föstu ómögum, og verustaðir þeirra, og því næst áætlað á um aðra þurfamenn, og hverja styrk þeir mundu þurfa á þessu ári.

I. Fastir ómagar.

| | | | Meðlag kr |
|---|---|---|---|
| 1. Anna Ásmundsd. Kára, | | hjá Jóni í Norðurgröf á Kjalarnesi | 80 |
| 2. Anna Ásmundsd. ekkja | 44 | í Melshúsum | 120 |
| 3. Bjarni Þórðars. | 14 | Tómas í Lambhús. á Kjalar. | 80 |
| 4. Ekkja Bjarna Kristjánssonar með 3 börnum | | í Hlíðarhúsum | 160 |
| 5. Einar Magnúss. | | hjá Jóh. Einarsdóttur | 80 |
| 6. Einar Jónsson | 11 | hjá Jóni í Tjarnarhús. | 72 |
| 7. Guðríður Þorleifsd. | 78 | í Melshúsum | 80 |
| ×8. Guðrún Ásmundsd. | 12 | hjá Gísla á Bakka | 72 |
| 9. Guðm. Kr. Guðmundss. | 10 | Guðm. á Austurvelli | 80 |
| 10. Jón Helgason | 21 | Magn. Árnas. í Hlíðh. | 120 |
| 11. Haraldur Jónsson | 6 | Guðr. Guðjohnsen | 80 |
| 12. Guðrún Jónsd. | 3 | Tómas Tómass. Lambh. | 80 |
| 13. Guðm. Gissurars. | " | Ingimundi á Bakka | 80 |
| 14. Rannv. Gissurard. | " | Einari Árnas. á Toph. | 80 |
| 15. Jón Jónsson | 78 | Bjarna Oddssyni | 80 |
| 16. Kristín Þorsteinsd. | 86 | Alexius Árnas. | 132 |
| | | | 1476 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | áre | | kr |
|---|---|---|---|---|
| 17. | Marta Lárusd. | 25. | hjá Bjarna Skóara | 24 |
| 18. | Kristinn Magnúss | | Einari í Sundi | 80 |
| 19. | Margrjet Einarsd. | 48 | ekkja Snorra í Steinsh. með 1 barni. | 80 |
| 20. | Margrjet Jónsd. | " | Ólafi Guðlaugssyni | 48 |
| 21. | Guðríður Þorkelsd. | 75 | Þorvaldi Klængss. | 60 |
| 22. | Ólafur Þórðar. | 10 | Sveini í Sandagerði | 80 |
| 23. | Ólöf Jónsdóttir | 76. | Magnúsi Árnasyni | 120 |
| 24 | Sigurður Theodor | 21. | Níels á Klöpp | 80. |
| 25. | Salvör Ketilsd. | 82. | í Hudlakoti | 60 |
| 26. | Þórdís Ólafsd. | 78 | Mad. G. Möller | 84 |
| 27. | Þorkell Helgason | 14. | Grími Guðnar. | 40 |
| 28. | Þórunn Einarsd. | 15. | Jóhönnu Einarsd. | 20 |
| 29. | Þorvaldur Einarss. | 12 | Guðlaugu á Steinum | 80 |
| 30 | Þorvaldur Ásmundss. | 10. | Jóni Oddsyni í Mýrh. | 80 |
| 31. | Ingibjörg Einarsd. | " | í Hlíðarhúsum | 72 |
| 32. | Fríman Sigurðss. | 8 | Guðlaugu á Steinum | 80 |
| 33. | Magnús Magnúss | 8 | Páli Magnússyni | 36 |
| 34. | Þórður skóari | 70 | Guðrúnu Tómasd. | 180 |
| 35. | Solveig Einarsd. | " | í Hudlakoti | 70 |
| 36. | Vilborg Magnúsd. | 3. | Guðm. í Kálfak. | 80 |
| 37. | Ólafur Sigurðss. | 14. | Ólafi Þórðars. í Nesi | 80 |
| 38. | Valgerður Björnsd. | 75 | Þorstein lögregluþ. | 84 |
| 39. | Ingvar Bjarni, son Ingibj. Maríu ~~Barn Ingibj.~~ | | Guðm. Árnar. á Hól | 80 |
| 40. | Barn nr. 2. Ingib. Maríu | | í Hausastaðakoti | 88 |
| 41. | Ólavía Ólafsd. | " | Guðr. Jónsd. í Holti | 40 |
| 42. | Þorgeirr Jörgenss. | " | Guðrúnu á Bergi | 40 |
| 43. | Barn Fredrikku Holt. | | Elís á Norðurk. á Kjal. | 80 |
| 44. | Sumarlína Sumarliðad. | | Jóni Sigurðssyni á Akran. | 80 |
| 45. | Barn Guðrúnar Jónsd. | | Gísla Guðmundss. á Litlab. | 80 |
| 46. | Málfríður Ólafsd. | 14. | Guðrúnu á Bergi | 40 |
| 47. | Benidikt | 1. | Einari Kalka | 80 |
| 48 | Jóhannes Guðmundss. | | Sigurði í Mörkol | 96 |
| 49. | Ingibjörg Guðmundsd. | | Kristjáni Jónassen | 288 |
| | | | | 4078 |

Page total carried over (top right): 1476

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4078 – a

50. Guðjón Jósepss. — a — Ingibjörgu í Skálholtskoti: ~~35~~ 33 – 33.
51. María Margr. Jónsd. — Guðmundi Jónssyni í Steinsh. 60 – a
52. Jón Ingimundars. — 80 – a
53. Guðbjörg Þorláksd. í Melsh. — hjá Jóni í Tjarnarhús. 80 – a
54. Jón Jörginsson — 11. — Þorsteini lögregluþj. 80 – a
55. Ástríður Olsen — 48 — hjá Jóhanni Olsen 144 – a
56. Þórdís Jónsdóttir — a — Egli í Minni-Vog. 96 – a
57. Guðrún Pálsd. — Jóni Erlendssyni (til vors 10 kr. á mánuð) (120) 45 – a
58. Margrjet Guðmundsd. á Skaptabæ 72.
58. Guðríður Guðmundsd. með 2 börnum í Sauðag. 80. —
59. Ingiríður Einarsd. húsal. til Friðrikku á Bakka 20 – a
60. Pálína Ólafsdóttir í Gróubæ (þarf húsal.) 3 kr. á mán. 60 – a

4785 – 33
+ 45

## VI. Þurfamenn.

1. Einar Bjarnason í Smiðjunni — 60 —
2. Einar Magnússon í Skólabæ — 40 —
3. Henriette Bagge — 100 —
4. Einar Hjaltested — 72 —
5. Lárus Holter — 80 —
6. Jón Arn Gótsson (~~með húsaleigu 3 kr.~~ um mán.) 60 – a

## VII. Vitstola

1. Ragnhildur Símonardóttir hjá Ingunni 312 – a

2. Hans Jónssyni í Grímsbæ voru ávísaðar 12,50 kr., meðgjöf með Guðrúnu Þórðardóttur til 31. des. 1878.

3. Jón Ingimundarson biður í brjefi 31. f. m. um styrk aukinn, svo að allur styrkurinn nemi 9–10 kr. um mánuðinn, og var styrkurinn veittur 10 kr. um mánuðinn.

4. Jónas Ólafsson biður í brjefi 7. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Ákveðið var, að neita honum um beiðni hans sökum heilsubrests þess, sem optar hefði komið í ljós hjá honum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. ~~Landsh~~ Biður Amtmaðurinn í brjefi 23. f. m. um álit fátækranefndarinnar eptir brjefi landshöfðingja um beiðni Guðnýjar Guðmundsdóttur um legukostnað Önnu ~~G~~Bjarnadóttur, að hann verði sjer greiddur úr fátækrasjóði Reykjavíkur. Álýktað var, að svara því, að enda þótt legukostnaðurinn ætti að borgast af hrepp hennar, þá taldi fátækranefndin sjer þetta mál óviðkomandi, úr því að Guðný hefði eigi leitað hennar með þennan kostnað fyr en löngu eptir, að skilnan var heil orðin. sbr. fund 9. dag maím. í vor.

6. Formaður skýrði frá, að hann mundi svara amtmanni á morgun viðvíkjandi Sigríði Guðmundsdóttur í Hólakoti samkvæmt álýktunum fátækranefndarinnar áður.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen

~~H.~~ Friðriksson. Joh Olsen G. Þórðarson

B. Kristjánsson

Olafur Guðlaugsson

Ár 1879 hinn 18. janúar átti fátækranefndin fund með sjer. Allir á fundi nema bæjarfulltrúi Þórir Steinsson.

1. Fyrst kom til umtals á fundinum að semja við kaupmenn bæjarins um það með hvaða kostum þeir í vetur til 31. Marts vildu* láta fátækrastjórninni fá þær vörur, sem fátækranefndin þarf að fá til ómaga sinna og þurfamanna. Var ákveðið að láta bréf um þetta efni ganga til kaupmanna með áskorun að senda skriflegt tilboð sitt um þetta fyrir næstkom. fimmtudag

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til bæjarfógetans.

2. Var lagt fram bréf dags. 15. janúar frá Bjarna Björnssyni í Reykjavík um styrk handa sér og hyski sínu 12 kr. um mánuðinn. Styrkur þessi var veittur gegn endurgjaldi frá framfærslusveit Bjarna sem nefndin álítur Austur-Landeyja-hrepp í Rangárvallasýslu.

3. Þá var lagt fram bréf frá <u>Þorvarði Sigurðssyni</u> á Steinkrossi á Rangárvöllum nú í Ánanaustum dags. 9. þ.m. um að mega vera hér í tómthúsmennsku næsta ár; nefndinni kom saman um að neita þessari beiðni eins og hún lá fyrir.

4. Var lögð fram beiðni frá Helga Guðmundssyni í Móakoti á Garðahverfi um að mega setjast hér að í bænum í tómthúsmennsku. Það bréf er dags. 8. þ.m. með 1. fylgiskjali. Nefndinni kom saman um að fresta þessu máli til næsta fundar til að útvega sér nákvæmari upplýsingar.

5. Talaði nefndin um það við þá Bjarna Bjarnason frá Esjubergi og Ólaf Guðlaugsson, er verið hafa fátækrastjórar undanfarin ár, að þeir góðfúslega vildu halda þessum starfa áfram eptirleiðis, og lofuðu þeir nefndinni fyrst um sinn að gegna þessum starfa þangað til þeir fyndu nægilega ástæðu til að segja þessari sýslan af sér.

6. Við formaður gat þess að hann fyrir fundinn fékk bréf frá Jóni Jónssyni bæjarfulltrúa dags. í dag, sem formaður las upp áður en fundurinn var settur; þetta bréf er lagt við bók-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-um. Mótmælir hann þar þessu fundarhaldi.

Fundi var þannig slitið

Ellr. Jónassen  G. Þórðarson
Þór. Þórðarson  Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

Ár 1879 h. 23. janúar setti og hélt bæjarfógeti E. Th. Jónassen ~~nefndi~~ fund með fátækranefndinni; á þessum fundi voru allir mættir:

1. Fyrst var rætt um þau tilboð, er komið höfðu frá 2 kaupmönnum hér í bænum, nfl. Jóhannesen kaupmanni og Smiths verzlun, um að láta fátækrastjórninni fá vörur í vetur er hún þyrfti með. Kom fundarmönnum saman um ~~at~~ með því Bjarni Bjarnason fátækrastjóri lagði fram lista frá faktor Jóni Pálssyni hér í bænum sem bauð hinu sama ~~veginn~~ verði, að fela formanni á hendur að tala á morgun um það við Jón Pálsson faktor, hvort hann eigi standi við þessi framboðin verð, en annars að taka það af þessum tveimur fyrstu tilboðum, er bezt er.

2. Var lagt fram beiðni frá Helga Guðmundssyni á Mókoti í Garðahverfi dags. 8. þ. m., er kom fyrir á síðasta fundi; fátækranefndin var á því með minni hluta atkvæða að neita Helga Guðmundssyni um leyfi til að meg-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með því ástæðu hans ætti að vera mjög bágborna hvað efnahag snerti seljast hér að Bæjarfulltrúi Þór. Jónsson vildi hvorki leyfa honum né neita honum ~~um~~ leyfi að svo stöddu, og fór því ~~fram~~ að málinu yrði frestað þangað til ítarlegri skýringar væru útvegaðir; en ~~þetta~~ ~~og~~ uppástunga Jóns var felld með atkvæðum.

3. Lagði formaður bréf fram frá Benedikt Ásgrímssyni gullsmið dags. 22. þ. m. um meðgjöf með Guðjóni Ingimundarsyni, er hann hefir tekið í kennslu af fátækranefndinni í fyrra. Nefndinni kom saman um að fresta þessu máli til næsta fundar og athuga bréf sem Benedikt hefði skrifað um þetta mál fátækrastjórninni í fyrra.

4. Lagði formaður fram bréf frá Vigdísi Waage hér í bænum dags. í dag um 15 kr. í húsaleigu og fyrir aðhlynningu handa Hólmfríði Þorláksdóttur, samþykkti nefndin að Vigdís fengi þessa borgun.

5. Fátækrastjóri Ólafur Guðlaugsson skýrði frá að ~~Guðmundur~~ Halldórsson í Bergsstöðum væri bjargarlaus og þyrfti að fá hjálp nú þegar. Kom nefndinni saman um að nú þyrfti að hjálpa honum strax.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson Þ. Þorvarðsson B. Bjarnason Ó. Guðlaugsson

Þess skal athugað, að formaðurinn hefir ekki bókað rétt skýrslu sína sem fyrsta málið. Undirskrifaður fátækrafulltrúi var ósamdóma ályktun þeirri sem tekin var og heimtaði ágreiningsatkvæði sitt bókað, en formaðurinn neitaði að gjöra þetta.

Áður en málið № 5 kom fyrir var undirskrifaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það undi fátækranefndinni, að hún leyfði sér og þeim öðrum fátækrafulltrúum, er þess kynnu að óska leyfi til þess að taka fát gjörðabók nefndarinnar heim til sín á tímunum þeim er bæjarfógetaskrifstofan væri ekki opin; en neitaði formaðurinn að setja tillögu þessa undir atkvæði eða taka nokkuð undir hana.

Jón Jónsson

Ár 1879 h. 13. febrúarmánaðar átti fátækranefndin fund með sér. Allir nefndarmenn á fundi nema Jón Þórðarson í Hákoti, sem er veikur. Báðir fátækrastjórarnir voru og á fundi.

1. Var lögð fram beiðni frá Guðmundi Sigurðssyni í Hlíðarhúsum dags. 6. þ. m. um að fá að setjast að í bænum hér í tómthúsmennsku. Málinu frestað til næsta fundar til að fá ítarlegri upplýsingar um þenna Guðmund Sigurðsson.

2. Var lögð fram beiðni frá Sigurði Benediktssyni í Skaptabæ dags. 8. þ. m. um að fá að setjast að hér í bænum. Málinu frestað til næsta fundar til að leita upplýsinga um manninn

3. Var lögð fram beiðni frá Einari Guðmundssyni dags. 8. þ. m. um að fá leyfi til þess að setjast að hér í tómthúsmennsku í bænum. Mál þetta frestað til næsta fundar.

4. Var lögð fram beiðni frá Ásgrími Gíslasyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Hliði á Álftanesi dags. 1. þ. m. um að mega setjast að í tómthúsmennsku í Reykjavík næstkomandi fardagaár. Einn af beiðnum lá fyrir áskorun fátækranefndarinnar að beiðni þessi eigi gæti orðið veitt.

5. Lagt fram bréf frá Erlendi Erlendssyni á Breiðabólsstað á Álftanesi um að ekkja Þóra Brynjólfsdóttir megi setjast að hér í bænum. Þessu máli var frestað til þess að útvega ítarlegri upplýsingar um þessa konu.

6. Var lögð fram beiðni frá hreppsnefndinni í Kjósarhreppi um að Gamalíel Oddsson bóndi á Ártúni megi fá að setjast að hér í bænum í tómthúsmennsku að vori. Nefndin kom saman um að neita hreppsnefndinni um þetta leyfi með skírskotun til þess er Gamalíel sjálfum var svarað, er hann í haust sjálfur bað um þetta sama leyfi.

7. Var lögð fram klögun frá Mörthu Lárusdóttur um samastað hennar. Fátækranefndin kom saman um að rannsaka skyldi hvað hæft væri í þessum umkvörtun.

8. Var lögð fram beiðni frá Ingiríði Einarsdóttur á Bala um styrk. Nefndin veitti henni 6 krónur og var gefin út ávísun fyrir því.

9. Bar ~~lögð~~ formaður beiðni Helgu Jónsdóttur fram að fá styrk með börnum sínum. Helga þessi er kona Halldórs Jónathanssonar. Nefndin veitti henni 10 kr.

10. Einar Einarsson á Sundi hafði beðið formann um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að sú gjörð veitt hjálp vegna þess kona hans væri sárveik einkanlega að hann fengi kvennmann til að stunda konu sína. Sú beiðni veitt.

11. Kom til umræðu bréf frá Benedikt Ásgrímssyni dagst. 22. janúar þ. á., er lagt var fram 23. f. m. og var nefndin ásátt um það að svara Benedikt því að hún eigi hefði neitt á móti því að drengur sá, er þetta bréf áhrærir, Guðjón Ingimundarson væri hjá honum í kennslu 4 ár en auk þess 1 ár, sem hann þegar hefir verið hjá Benedikt gullsmið, en þó án þess Benedikt fái kaup samkvæmt því sem Benedikt Ásgrímsson samdi um við Ólaf Gunnlaugsson fátækrastjóra, þegar Guðjón fór til Benedikts.

12. Skýrði formaður frá að hann fyrir viku síðan hefði ~~látið~~ verið lagður inn á sjúkrahúsið pilturinn Ólafur Sigurðsson, ~~uppá~~ væntanlegt endurgjald þeirra kostnaðar af framfærsluhreppi Ólafs, en formaður hefði p.t. ábyrgst legukostnaðinn úr fátækrasjóði Reykjavíkur.

Var fundi svo slitið

Einar Jónasson G Þórðarson Ólafur Gunnlaugsson
~~B Kristjánsson~~

Undirskrifaður getur þess, að eg sé ekki samdóma í þeim ákvörðunum, er nefndin hefir gert að framan með № 4 og 6 um að neita Ásgrími og Gamaliel að komast heim inn í bæinn til bráðabirgða.

Jón Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879 h. 27. febrúarmánaðar átti fátækranefndin fund með sér. Allir fátækrafulltrúar á fundi nema Jón Þórðarson; fátækrastjórarnir voru og á fundi.
Var þá tekið fyrir:

1. Var tekin fyrir beiðni Þóru Brynjólfsdóttur, er var rædd á síðasta fundi; eptir því sem fátækranefndin gat tilspurt um ástæður greindrar Þóru þá ákvað hún að neita Þórunni þessari um leyfi til þess að setjast að hér í bænum, með því að hún alveg bláfátæk.

2. Var tekin fyrir beiðni Jóns Sigurðssonar á Grundarstöðum um tómthúsmennskuleyfi er rædd var á síðasta fundi og var þar ákveðin ~~fund~~ nefndarinnar samkvæmt atkvæðafjölda að neita greindum Jóni um tómthúsmennskuleyfi, þareð hann væri bláfátækur og engin líkindi til að hann gæti komizt hér af, með því væri skoðun nefndarinnar að hér væri of margt af tómthúsfólki og það væri varlegt að fjölga hér fátæku tómthúsfólki.

mótið NB

3. Var aptur tekin fyrir sú beiðni frá Guðmundi Sigurðssyni á Hlíðarhúsum er var lögð fram á síðasta fundi. Fátækranefndin fellst á með öllum atkvæðum gegn 1. að neita Guðmundi þessum um tómthúsmennskuleyfi.

4. Var tekin fyrir beiðni Sigurðar Benediktssonar um að fá tómthúsmennskuleyfi er var lagt fram á síðasta fundi. Fátækranefndin fellst á að gefa Sigurði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessum tómthúsmennskuleyfi með öllum atkvæðum
gegn 1.

5. Var lögð fram aptur beiðni frá Einari Guðmunds-
syni er rædd var á fyrri fundi. Kom fátækra-
stjórninni saman um öllum nema 1 þeirra að
eptir því sem hún hefði getað frétt um hagi Einars
þessa, að neita honum um tómthúsmennskuleyfi,
þareð hann væri svo fátækur að hann (naumast) ekki gæti
komizt hér af.

6. Var lagt fram bréf dags. 25. þ.m. frá Eiríki
Guðmundssyni á Mosfelli um að fá tómthús-
mennskuleyfi hér í bænum. Kom nefndinni
saman um að þareð hann væri bláfátækur
og að auki hefði sagt þar ósatt í bréfi sínu
að hann hafi fengið hér leyfi til þess að setjast
á Rauðará, að neita Eiríki um tómthúsmennskuleyfi.

7. Var lagt fram bréf frá Sumi Jónssyni á Hvammi
dags. 7. febr. þ.á. um að fá fermingartoll
fyrir barnið Kristján Sigurðsson á Hvammi.
Fátækranefndinni kom saman um að bera þetta
málefni undir úrskurð Amtsins.

8. Skýrði formaður frá því að Sigurður Lýðsson
í Viðey væri geðveikur, og að Magnús Stephensen þar
hefði tilsagt fátækranefndinni að ráðstafa honum.
Var fátækrastjórninni falið á hendur að útvega
þessum manni samastað hér í bænum eða
annarstaðar fyrir svo sanngjarnt meðlag sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uns verði uppi væntanlegt síðar samþykki fátækra-
stjórnarinnar.

Var svo fundi slitið

E Th Jónassen G. Þórðarson

Eg get þess, að eg hafi verið ósamþykk akordinum
þeim er lokaður var að framan undir t. 5.

Þ. Jónasson

Ár 1879 d. 13. Marts setti fátækranefndin fund
með sér og voru allir á fundi og líka fátækra-
stjórinn: Var þar þá tekið fyrir

1. Var lagt fram beiðni frá Gunnari Gunnarssyni dags. 13. þ. m. um að leyfa Ólafi Ólafssyni frá Breiðabólstað í Dalasýslu að setjast hér að í húsmennsku með 1 kvenmanni og barni; með því nefndin eigi hefir nægar upplýsingar um hagi þessa manns er óvíst að hann er fátækur og þá afráðið hér að vísa honum með sérstaklegu tilliti til þess, er Gunnar sjálfur hefir sagt fram um hagi Ólafs þessa.

2. Var lagt fram bréf frá gullsmið B. Ásgrímssyni dags. 13. þ. m. viðvíkjandi Guðjóni Ingimundarsyni pilt, sem er hjá honum og var þar samþykkt að láta Benedikt fá 45 kr. frá nýári

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ídaster til 15 júní þ.á. e árs til mánaðar.

3. Tilkynnti formaðr að Magnús Stephensen í Viðey hefði lofað að ~~fa~~ halda ómagann Sigurð Sigurðsson fyrir 20 krónur á mánuði nú fyrst um sinn og álitu fátækranefndin að mætti gjöra að ganga að því.

4. Var það tilkynnt formanni að Jón Erlindsson hafi boðizt til að halda Guðrúnu Pálsdóttur til vors til 14. maí fyrir 12 kr. frá 1. þ.m. og fellst nefndin á að ganga að þessu.

5. Bar formaðr það fram að Jón Arnljótsson vildi fá sér til suðurferðar (þorskanet) (sjálfur um það) og var það álit nefndarinnar að nauðsynlegt væri að láta hann fá það, svo hann gæti fyllt skiprúm það, er hann væri ráðinn í.

6. Lagði formaðr fram reikning frá Krüger fyrir holdsveikir meðölum handa Guðrúnu Pálsdóttur á Grímsstöðum að upphæð: 21 kr. 82 a. en fátækranefndin kom saman um að ávísa úr fátækrasjóði, en vita samt hvort Krüger eigi vildi gefa fátækrasjóðnum procentur einn og aðrir en borgaði með peningum.

Með því eigi var frekara að spurtaka var fundi sagt slitið.

Ellefu mann
Olafur Guðlaugsson G Þórðarson Jón Þórðarson
P O Gíslason B Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. Marts

Ár 1879 átti fátækranefndin fund með sér og voru á þeim fundi auk formanns og fátækrafulltrúa Jóns Þórðarsonar báðir fátækrastjórarnir. Kom þá til umræðu þessi málefni

1. Formaður lagði fram bréf frá Kjöbenhavns Magistrat dagsett 18. janúar þ. á. með hverju þeir tilkynna lát Madme H. Bagge og senda kröfu fyrir 79 Kr. 53 a.

2. Gerði bæjarfógeti nefndinni kunnugt um að hann hefði orðið að kosta til sendiferðar uppí Mosfellssveit viðvíkjandi láti Guðr. Gamalíelsonar 2,50 Kr., sem hann óskaði sér endurgoldnar og samþykkti nefndin það.

3. Var lögð fram beiðni frá Bjarna Jónssyni á Vilborgarkoti um að fá tómthúsmennskuleyfi hér í bænum og var það leyft.

4. Las formaður fram beiðni frá Einari Jónssyni hér í bænum að dags. 18. þ. m. um að veita Jóni Jónssyni tómthúsmennskuleyfi hér í bænum fyrst um sinn. Kvaðst nefndin eigi geta veitt þetta leyfi nú og beiðnin bíði fyrir.

5. Var lagt fram bréf dagsett 27. Marts frá Kristínu Þorkelsdóttur í Hólakoti um styrk. Var fátækrastjórunum falið á hendur að semja við Kristínu í Hólakoti um að taka Kristínu að sér fyrir 6 krón. á mánuði.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen

Ólafur Guðlaugsson, Jón Þórðarson B. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879 h. 24. aprílmánaðar átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Var lagt fram bréf frá Jóni Jónssyni í Tjarnarhúsum þarsem hann biður nefndina að ráðstafa drengnum Einari Jónssyni á næstkomandi krossmessu; skoraði formaður á nefndina að útvega honum samastað.

2. Kom fram beiðni dags. 5. þ. m. frá hreppsnefndinni í Lundarreykjadalshreppi um að fátækranefndin vilji leyfa stúlkunni Þórdísi Bjarnadóttur að dvelja hér þetta nú útlíðandi síðasta fardaga-ár og svo fardaga-ár 1879–80. Var það leyft með því skilyrði að hreppsnefndin eptir þann tíma sjálf annist um flutning Þórdísar og barns hennar héðan.

3. Var lagt fram beiðni frá Guðrúnu Jónsdóttur ekkju í Melshúsum á Akranesi og um að hún megi setjast að hér í tómthúsmennsku (húsmennsku) með 1 barn 12 ára. Álít nefndin að með því þessi ekkja hefði það orð á sér að hún væri dugleg, þá mundi eigi nægileg ástæða að neita henni um leyfið, þótt að hún væri fátæk.

4. Var lagt fram bréf frá lækni Jónasi Jónassen um að fátækrastjórnin vildi leyfa honum að láta búa til umbúðir handa syni Einars

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjaltested, sem væri veikur í fæti á jafnvel báðum fótum og var það samþykkt.

5. Var samþykkt að borga Rögnvald Rögnvaldssyni fyrir legu konu Ívars dóttir Margrétu hjá honum 8 kr. og þarað auk: eptir leidir að þagga honum fyrir hana, ef nefndin álíti hann svo aðala að leggja þyngsli með henni.

6. Skýrði Guðmundur Þórðarson fátækrafulltrúi frá því að ráðstafa þyrfti ímsu Þórdísi ekkju Jónsdóttur, sem nú væri á meðgjöf hjá Agli Hallgrímssyni í Minnivogum, í skoraði formaður á þá Guðm. Þórðarson og Ólaf Guðlaugsson að sjá þessari ekkju fyrir samastað.

7. Var tilkynnt að Ásdísi Davíðsdóttir væri komin fyrir fyrsta sumardag hjá Sveini Bjarnasyni í Sandagerði gegn 12 kr. meðgjöf mánaðarlega.

Með því eigi var frekara fyrir að taka var fundi sagt slitið.

E Th Jónassen

P O Gíslason G Þórðarson
Jón Þórðarson Ólafur Guðlaugsson

Á 1879 hinn 8. Mai átti fátækranefndin fund með sjer. Var þá lögð fram beiðni Jónasar Jónssonar frá Hlíðsholti um að fá tómthúsleyfi hjer í bænum. Var ákveðið að leita upplýsinga um efnahag hans og ástæður meðal annars hjá honum sjálfum einungis til að láta hann skýra frá, hver atvinna hans sje.

Fundi slitið.

H Sveinbjörnsson
Jón Þórðarson P O Gíslason
G Þórðarson B Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879 h. 29. maí átti fátækranefndin fund með sér.

1. Formaður lagði fram bréf suðuramtsins dags. 12. þ.m. viðvíkjandi kvörtun Jóns Sigurðssonar á Grímsstöðum yfir því að honum hafði verið neitað um tómthúsmennskuleyfi hér í bænum af fátækrastjórninni; máli þessu skotið á frest til næsta fundar til þess að útvega ítarlegri upplýsingar viðvíkjandi Jóni þessum.

2. Birt nefndinni bréf suðuramtsins dagsett 12. Maí þ. á. viðvíkjandi Jónasi Ólafssyni

3. lagði formaður fram bréf frá suðuramtinu dags. 27. þ. m. viðvíkjandi kvörtun Gamalíels Oddssonar yfir synjun fátækranefndarinnar hér að veita honum tómthúsmennskuleyfi. Frestað til næsta fundar með því nefndin vill útvega ítarlegri upplýsingar.

4. Tilkynnt nefndinni bréf sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu dags. 15. Marts þ. á. viðvíkjandi barni Guðrúnar Þórðardóttur.

5. Nefndin bað formann um að gefa út vegabréf fyrir Gunnar Arnason til Grindavíkur.

6. Kom nefndinni saman um að hækka meðlag það úr fátækrasjóði er Einar Hjaltested hefir frá 6 kr. uppí 10 krón. um mánuðinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Var samþykkt að gefa móður Sigurðar Lýðssonar með honum um vikuna 4 krón. þangað til honum yrði ráðstafað.

8. Herdís Guðjónsdóttir var hjá ráðstöfunarlaus og fól formaðr fátækrastjórninni á hendur að koma henni fyrir sem allrafyrst.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen    B. Kristjánsson
G. Þórðarson    Ólafur Guðlaugsson

Á 1879 h. 12. júní setti og hélt fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Var aptur tekið fyrir bréf frá Jónasi Jónssyni í Haugsholti í Árnessýslu það er áður um getið og fannst ekki nefndinni ástæða til að neita þessum manni um leyfi til að gerast hér, eins og hann hefði beiðst, húsmaður.

2. Var aptur tekið fyrir bréf Suðuramtsins dags. 27. f. m. viðvíkjandi Gavríel Oddssyni það er um er getið á næsta fundi á undan. Fannst nefndinni eigi ástæða til eptir að hafa leitað á ný ítarlegri upplýsinga um Gavríels þennan, að neita honum hér bæjarleyfi, þótt efnahagur hans sé næsta bágur.

3. Viðvíkjandi kröfum Jóns Sigurðssonar í Grímsstöðum þeirri er um getur á næsta fundi á undan, þá getur nefndin eigi breytt skoðun sinni um að honum eigi beri að veita hér leyfi til tómthúsmennsku, með því nefndin ~~eigi~~ líka þykist hafa vissu fyrir að hann í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

drykkfelldur.

4. Lagt fram að nýju bréf frá Jarðþrúði Pjetursdóttur um styrk handa móður hennar Jarðþrúði Jónsdóttur sem er 83 ára gömul. Nefndin ákvað að veita henni með móður sinni 7 kr. um mánuðinn fyrst um sinn.

5. Kom fram beiðni frá Jóni Jónssyni ("bóki") um að fá styrk úr fátækrasjóði mánaðarlega 6 kr.; var það veitt.

6. Var samþykkt af nefndinni að gefa með Agli Rósinkranzsyni 40 krónur til Elsu ekkju Valdemars Ottesen fyrir árið 1878–79. (frá 14 Maí 1878 – 14 Maí 1879)

7. Fátækrafulltrúi Guðmundur Þórðarson skýrði frá, að ómaginn Þórdís Jónsdóttir væri komin frá Minnivogum og hefði hann ~~upp~~ komið henni fyrir hjá Einari Arasyni á Tóftum, en enn þá væri ósamið um meðgjöfina.

8. Voru úrskurðaðir nokkrir reikningar.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson
Jón Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson

Ár 1879 h. 26. júní átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Bréf frá Helgu Jónsdóttur, ekkju Halldórs Jónathanssonar, dags. 25. þ. m., þar sem hún biður um styrk með 2. börn sín. Nefndin samþykkti að hún fengi 80 kr. um árið.

2. Bréf frá Diðriki Hölter dags. 25. þ. m. um að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fátækranefndin vildi ráðstafa fyrir sig barni sínu Helgu Emilie, sem er hjá henni. Nefndin fellst á ráðstafa ~~því~~ sem fyrst.

3. Guðm. Þórðarson skýrði frá því að hann hefði komið Sigurði Lýðssyni fyrir hjá Markúsi Þórðarsyni á Þormóðsstöðum næsta mánuð fyrir 12 kr. 50 a og féllst nefndin á það að menn yrðu að ganga að þessu boði. ——— Guðm. Þórðarson

4. Fátækrafulltrúi að Þórdís Jónsdóttir væri frá 14. maí þ. á. hjá Einari Ásasyni á Tóptum gegn 6 kr. 66 a mánaðarl. meðgjöf.

5. Fátækrafulltrúi Bj. Bjarnason skýrði frá því að síðan á krossmessu síðastl. væri barnið Einar Jónsson í fóstri hjá Jóni Jónssyni í ~~Tjarnarhúsum~~ Skipholti, en áður hefði það verið á Tjarnarhúsum á Seltjarnarnesi.

6. ~~B~~

Var svo fundi slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson Jón Þórðarson
B. Bjarnason

Á 1879 d. 10. júlí setti og hélt fátækranefndin fund með sér og var þar því tekið fyrir:

1. Fram lagt bréf frá Friðrik Guðmasyni um að fá hér að setjast að í tómthúsmennsku; það var leyft.

2. Lagt fram beiðni frá Jóni Sigurðssyni á Sauðakoti á Vatnsleysuströnd um að mega setjast að hér í tómthúsmennsku árið 1880. Leyfið veitt.

3. Lagt fram bréf frá Guðbr. Guðbrandssyni um að fá ábyrgð fyrir húsaleigu 75 kr. á ári fyrir ekkju Bjarna Jónssonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skóara. Nefndin leizt að gera það er jafnframt að
eigna hér að útvega ódýran hús handa henni, ef
unnt væri.

4. Ávísað reikningi fyrir húsaleigu handa Einari Hjaltested
1878-79 ~~fyrir~~ til Sigurðar Jónssonar.

Fundi slitið

E Th Jónassen

Jón Þórðarson P O Gíslason

B Bjarnason

Ár 1879. h. 24. júlí átti fátækranefndin fund með
sér. Var þá tekið fyrir:

1. Beiðni frá Rögnvald Rögnvaldssyni um að fá 16 kr.
með konu Ívars [illegible], er lá veik hjá honum og
var það samþykkt.

2. Kom fram beiðni frá Grími Guðnasyni um 30 kr.
lán úr fátækrasjóði til þess að kaupa fyrir eldivið.
Var það samþykkt að veita honum styrk til eldiviðar
kaupa allt að þessari upphæð.

Fleira var eigi fyrir að taka og því fundi sagt slitið.

E Th Jónassen

Jón Þórðarson. P. O. Gíslason.

Ár 1879 h. 14. august átti fátækranefndin fund með
sér og var þá tekið fyrir:

1. Bréf frá Þorkeli Sigurðssyni dags. 12. þ. m. um að
fátækrastjórnin vilji láta sig fá bæ þann í Sauða-
gerði, er hún á, til eignar gegn því að hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

haldi skuldbindi sig til annast móður sína. Þessi beiðni var veitt.

2. Bar bæjarfógetinn upp beiðni frá Madme Guðrúnu Jónsdóttur að fá meðgjöf til nýárs með barninu Olavíu Ólafsdóttur, sem hingað til hefir verið hjá henni í fóstri, en fermd var síðasta vor. Nefndin samþykkti að gefa henni 10 króna þóknun, ef hún héldi stúlkunni áfram til næsta vors.

3. Á þessum fundi mætti dómkirkjupresturinn síra Hallgrímur Sveinsson og stakk hann uppá að þessum börnum verði veittur styrkur úr Thorkillii barnaskólasjóði:

| | meðgjöf | | skólapen. | |
|---|---|---|---|---|
| 1.x Egill Rósinkranzson | 40 kr | — | 20 kr | |
| 2. Ingvar (Guðm.) Nikulásson (Gestmundur) | " | — | 20 — | × |
| 3. Hannes Hannesson . . . | 80 — | — | 20 — | |
| 4. Þórður Jóhann Jensson . . | 40 — | — | 20 — | |
| 5. Sigurður Valdem. Bjarnason . | 80 — | — | 20 — | |
| 6. Jóna Rannveig Einarsd. | 80 — | — | 20 — | |
| 7. Magnús Einarsson Hjaltested | 40 — | — | 20 | |
| x8. Magnús Guðnason | " | — | 20 | |
| 9. Halldór Halldórsson | " | — | 20 | |
| 10. Pétur Levinsen | " | — | 20 | |
| 11. Rósa Jónsdóttir | " | — | 20 | |
| ~~12.~~ | 360 kr. | | 220 kr. | |

og fékst nefndin á að sækja um styrk fyrir þessi börn til stiptsyfirvaldanna.

4. Var ávísað nokkrum reikningum yfir útför sveitar–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ómaga.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson Jón Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson B. Bjarnason
Hallgrímur Sveinsson.

Á 1879 29. ágústmánaðar átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Beiðni frá Ingileifi Magnúsdóttur um styrk með börnum sínum og var henni veitt 80 kr. um árið með einu barni sínu. Bréfið dags. 27. ág. þ.á.

2. Bréf frá 25. þ.m. frá Jóni Ingimundssyni um aðgerð á bæ hans. Var það veitt og fátækrastjóra Ólafi Guðlaugssyni ásamt Pétri Gíslasyni falið á hendur að sjá um það.

3. Bréf dags. 25. þ.m. frá ekkju Kristínu Guðmundsdóttur í Hólakoti um að fá hjálp til að gera við bæ sinn. Var hinum sömu mönnum ~~nefnd~~ falið á hendur að sjá um aðgerð þessa.

4. Guðríður gamla í Melshúsum beiðist um styrk handa sér. Leizt nefndinni að semja við umráðandi húsmóður hennar Ingunni í Melshúsum um að G. væri hjá henni eptirleiðis.

5. Svanborg Grímsdóttir sækir um húsmennskuleyfi í bréfi dags. 15. þ.m. og var nefndin á því að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki ætti að veita henni húsmennskuleyfi sem sauma-
kona, þareð hún ekki mundi geta lifað af því og væri
með öllu félaus.

6. Bréf frá Einari Eyríkssyni á Bergsstöðum um
að mega setjast hér að í tómthúsmennsku
dags. 28. þ. m. Nefndinni leizt að fresta að svara
þessu bréfi þangað til að hreppur hans Rangár-
vallahreppur í Rangárvallasýslu hefði látið
uppi álit sitt um hann og vissa fengizt þaðan
betri fyrir því, hvort þeir vildu ábyrgjast hann
hér eptirleiðis.

Með því eigi var fleira fyrir að taka þá var fund-
slitið.

E Th Jónassen  K Bjarnason  Jón Þórðarson
Ólafur Guðlaugsson

Ár 1879 h. 11. september átti fátækranefndin fund með
sér og kom þá til umræðu:

1. Lagði formaðr fram bréf frá Sigurveigu Jónsdóttur giptri
konu í Borgarfirði á Leirukoti, sem er skilin við mann
sinn. Bréf þetta er ógreinilegt, en nefndinni kom
saman um að það gæti víst ekkert verið í vegi fyrir
því að hún keypti lausamennskuleyfi, ef hún vildi
og fól formanni að skrifa henni þar að lútandi:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Var þá samin áætlun yfir tekjur og gjöld fá-tækrasjóðsins fyrir árið 1880 og hljóðar hún þannig:

## Tekjur

| | |
|---|---|
| 1. Vextir af skuldabrjefum fátækrasjóðsins . . . | 36,00 |
| 2. Tekjur af fasteignum . . . . . | 40,, |
| 3. Tíund til fátækra . . . . . . | 210,, |
| 4. Tekjur af arðberandi höfuðstól . . . | ,, |
| 5. sektir til fátækra og gjafir . . . . | 30,, |
| 6. Hundaskattur . . . . . . . | 20,, |
| 7. Andvirði fyrir sildar reitur sveitarómaga | 50,, |
| 8. Óvissar tekjur þar í lán er kunne að borgast . . . . . . . | 700,, |
| | 1086 kr |

## Gjöld

| | |
|---|---|
| A. Til aðstoðar og framfæris ómögum og þurfamönnum | |
| 1. framfæri sveitarómaga . . . . | 4600 |
| 2. — „ — þurfamanna . . . . | 1000 |
| 3 — „ — útstola . . . . . | 600 |
| 4. Greptrunarkostnaður ómaga . . | 100 |
| 5. Logflutningur þurfamanna . . | 40 |
| 6. fátækralyf . . . | 100 |
| B. Óviss gjöld . . . | 40 |
| | 6480 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verður þá að jafna niður 5,434 krónur.

Með því að ekki var fleira fyrir að taka því var fundi slitið.

E Th Jónassen G. Þórðarson P O Gíslason
Jón Þórðarson B. Kristjánsson

Ár 1879 h. 25. septemb. átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Var fram lagður Reikningur frá Ívari Jónathanssyni fyrir húsaleigu handa Rannveigu Sæby að upphæð: 5 kr. Var hann samþykktur.

2. Bréf frá Magnúsi Finnssyni dags. 23. þ. m. um að hann megi fá leyfi til þess að dvelja hér með konu og barn í bænum til vors. Var það leyft með því skilyrði að hann færi héðan að næsta vori.

3. Sömuleiðis gat þess að Jón Þórðarson fátækrafulltrúi hefði komið fyrir ómaganum Guðríði Þorleifsdóttur hjá Ingunni Magnúsdóttur í Melshúsum frá 19. sept. fyrir 67 aura á dag á meðan hún eigi væri betri en hún þá var til heilsu.

Með því eigi var fleira fyrir að taka þá var fundi sagt slitið.

E Th Jónassen G. Þórðarson
P O Gíslason
Jón Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879 h. 9. október átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Birt fátækranefndinni bréf Amtsins viðvíkjandi Gamaliel Oddssyni dags. 30. f. m.

2. Margrét Pálsdóttir í Holti biður um styrk með einu barni sínu og var það veitt 80 krón. um árið.

3. Lagt fram bréf frá Ólafi Ólafssyni dags. 29. f. m. þarsem hann beiðist leyfis til þess að mega vera hér í bænum, en þareð það er fátækranefndinni kunnugt að Ólafur þessi sé iðjuleysingi og óreigi og að auk þess hafi tekið til sín stúlku er hann býr með án þess áður hafi fengið nokkurt tómthúsmennskuleyfi.

4. Var borin upp beiðni Magnúsar Einarssonar til formannsins um að hann mætti fá leyfi til að giptast enda þótt hann hefði þegið hér talsvert af sveit, en fátækranefndinni leizt eigi að gefa honum þetta leyfi þarsem hann ekki gæti endurborgað þann styrk, er hann hefði þegið hér af fátækrasjóði.

5. Lagði formaður fram bréf frá Rangárvallahrepps oddvita Einari Eiríkssyni dags. 28. f. m. og vildi nefndin eigi verða við tilmælum hreppsnefndarinnar um að leyfa Einari Eiríkssyni dvöl hér í tómthúsmennsku þareð hún þekkir til að hann hafi kynnt sig hér fremur illa, en vill að honum verði vísað héðan til átthaga sinna næsta vor.

6. Birti bæjarfógeti fátækranefndinni bréf Amtsins dags. 29. f. m. með meðfylgjandi bréfi sýslumannsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Rangárvallasýslu dags. 30. júl. þ. á. innihaldandi umkvörtun yfir bæjarfógeta- og fátækranefndinni útaf því að hafa eigi viljað lofa Bjarna Sigurðssyni að vera hér í bænum. Fátækranefndin þóttist svo meidd í þessu bréfi að hún fyrir sitt leyti ályktaði að höfða skyldi meiðyrða-mál gegn sýslumanni Rangvellinga, ef hann eigi vildi taka aptur orð þau, er hann í nefndu bréfi hefði haft um aðgerðir fátækranefndarinnar í þessu máli.

Með því eigi var fleira tekið fyrir var fundi sagt slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson
Jón Þórðarson P. O. Gíslason
Ólafur Guðlaugsson
B. Bjarnason

Ár 1879 h. 23. Oktober átti fátækranefndin fund með sér; komu þá fyrir þessi mál:

1. Lagði formaður fram bréf dags. 14. Oktob. þ. á. frá oddvita hreppsnefndarinnar í Garðahreppi um sveitfesti Páls sál. Pálssonar. Nefndin hafði leitað um þetta upplýsinga hjá dómkirkjuprestinum og eptir þeim getur nefndin Páll eigi átt hér sveit. Var formanni falið á hendur að svara nefndinni sem fyrst uppá þetta bréf.

2. Lagt fram bréf frá M. Stephensen í Viðey um að fá 20 krón. úr fátækrasjóði fyrir legu Jóns Jóhannssonar. Það var samþykkt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagt fram bref frá Magnúsi Pálssyni dags. 18. þ. m. um að fá leyfi til að setjast hér að í tómthúsmennsku. Var frestað þessu máli til þess að fá ítarlegri upplýsingar um þenna Magnús og hagi hans.

4. Lögð fram beiðni dags. 21. þ. m. frá Steindóri Jónssyni frá Miklaholti í Biskupstungum og um að mega setjast að í tómthúsmennsku hér í bænum. Var það leyft.

5. Lagt fram bref frá justitiario Jóni Péturssyni dags. 1. þ. m. með beiðni að hann segi til sveitar stúlkuna Guðfinnu Pálsdóttur, sem liggur veik á spítalanum hér í bænum. Fellst nefndin á að hún væri hér sveitlæg.

6. Lagt fram bref frá ekkjunni Guðrúnu Oddsdóttur á Grjóteyri í Kjós dags. 21. Okt. 1879 um að fá meðgjöf með barninu Birni Björnssyni, syni Bjarna Björnssonar, en þareð nefndin eigi hefir komið fyrir þessu barni og alls ekki viðurkennir föður barnsins hér sveitlægan, þá getur hún ekki álitið sér skylt að þurfa að ráðstafa þessu barni.

7. Lagt fram bref frá Sabíónu Ólöfu Arngrímsdóttur um að mega fá hér tómthúsmennskuleyfi í bænum. Þareð nefndinni var kunnugt um að þessi kona væri ómagi Reykholtsdalshrepps og alls eigi fær um að geta lifað hér á

harðafla sínum, þá kom nefndinni saman um að neita honum um aðsetursleyfi hér.

8. Lagt fram bréf frá Skúla Jónssyni um að mega fá leyfi til að setjast að hér í tómthúsmennsku með konu sína og 1 barn. Bréfið er dags: 22. october þ. á. Með því nefndinni er kunnugt um að Skúli þessi er bláfátækur maður, sem sökum efnaleysis varð að hætta búskap á Kjalarnesi í vor er var og að þessum Skúla áður hefir verið neitað hér um tómthúsmennsku leyfi, enda mundi hann með engu móti geta komið sér áfram hjálparlaust hér.

9. Tilkynnti formaðr fátækranefndarinnar nefndinni úrskurði amtsins dags. 17. og 18. þ. m. um Ólaf Ólafsson, Einar Ingimundarson og Guðmund Guðmundsson (Jónssyni) er allir hafa verið settaðir fyrir ólöflega tómthúsmennsku hér í bænum.

Fundi sagt slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson P. O. Gíslason Jón Þórðarson

Ólafur Guðlaugsson B. Kjernested

Ár 1879 h. 13. nóvember átti fátækranefndin fund með sér og var þá fyrir tekið:

1. Lagt fram bréf dags: 28. oct. frá Bjarna Sigurðssyni bónda á Móðruvöllum í Grindavík um að fá leyfi til að flytja hingað í umdæmið og var það leyft.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Var lagt fram bréf frá því er rætt var á síðasta fundi frá Magnúsi Pálssyni á Litlaseli um tómthúsmennsku-leyfi. Með því fátækranefndin þóttist hafa vissu fyrir að Magnús væri talsvert hneigður fyrir drykkjuskap og fátækur þá álitur nefndin það óráð að leyfa Magnúsi hér tómthúsmennsku.

3. Var lagt fram bréf dags. 11. nóvemb. frá Gísla Þorkelssyni í Hólakoti þarsem hann biður um leyfi til að setjast hér að í vor í tómthúsmennsku og taka kvennmann ~~með~~ sér við hönd. Þareð þessi maður að áliti nefndarinnar er ráðlítill mjög og blásfátækur og auk þess eigi hefir tilgreint hvaða kvennmaður það er sem hann vill taka til sín, þá kom nefndinni ~~það~~ saman um það að neita honum ~~um~~ þessa beiðni hans.

4. Var lagt bréf dags. 20. Oktob. frá Andrési Gíslasyni á Mimivatnsleysu um að fá hér húsmennskuleyfi Var það ~~f~~ hér leyft.

5. Lagt fram bréf dags. 28. f. m. frá Jóni Jónssyni í Nýlendu í Rosmhvalaneshreppi, þarsem hann biður um leyfi til þess að mega setjast hér að, í og með þess að enginn þekkti þessa persónu, þá var því frestað að svara þessu bréfi og fá frá honum nákvæmari upplýsingar.

6. Lagt fram bréf frá Jóni Borgfirðing dags. 12. þ. m. um að fá honum meðgjöf með Valgerði Björnsdóttur Samþykkti nefndin að hækka um mánuðinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meðgjöfina uppí 8 kr. 33 a. frá næstkomandi nýjári, ef nefndin þá eigi gæti útvegað henni annan samastað eins góðan og þann, sem hún nú hefir, fyrir minna verð.

7. Lagt fram bréf frá Sveinbirni Þórðarsyni í Sandgerði dags. 4. þ. m. um að borga húsaleigu að minnsta kosti 50 kr. fyrir [fyrir Guðmund Halldórsson á Steinbergsstöðum] undanfarin ár; var því neitað.

8. Bar bæjarfógeti upp við fátækranefndina að Pétur prentari Ámundason hefði látið afhenda sér 60 krónur uppí það sem borgað hefði verið af fátækrasjóði hér með barni hans og Hallberu Magnúsi Péturssyni með því móti að ~~þær~~ nefndin þá vildi gefa upp þær 34 krónur, sem þá væri ógoldið af þessari skuld. Nefndinni kom saman um það eigi að ganga að þessum boðum Péturs; en að skila honum aptur þessum 60 krónum sem hann hefði látið afhenda bæjarfógetanum.

Var svo fundi sagt slitið

E. Th. Jónassen G. Pjetursson

Þ. O. Gíslason Jón Þórðarson Ólafur Guðlaugsson B. Björnsson

Ár 1879 h. 28 Novemb. átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Lögð fram beiðni frá Ólafi Hjaltasyni dags. 30. f. m. um að mega flytja hingað í bæinn í vor og var það veitt.

2. Lögð fram beiðni frá Guðmundi Kristjánssyni á Sviðholti dags. 27. Novemb. þ. á. um að mega flytja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hingað í bæinn að vori komandi. Með því nefndin þóttist hafa vissu fyrir að Guðmundur væri félítill maður og heldur hneigður til drykkjuskapar, þá fannst henni ekki ástæða til þess að veita þessa beiðni.

3. Formaður lagði fram bréf Amtsins frá 14. og 19. þ. m. ~~því~~ ~~bal~~ innihaldandi umkvörtanir Salómu Arngrímsdóttur, Gísla Þorkelssonar og Skúla Jónssonar yfir því að fátækrastjórnin hafi synjað þessum mönnum um tómthúss-mennskuleyfi, en amtið hafði óskað að fá álit ~~bæj~~ fátækrastjórnarinnar um þetta mál og fann hún ekki ástæðu til að breyta skoðan sinni á því

4. Guðmundur Þórðarson skýrði frá að hann hefði samið við Reg Pálsson um að halda barn vinnukonu hans Jórunnar Böðvarsdóttur fyrst um sinn fyrir 8 krónur um mánuðinn og samþykkti nefndin það, með því hún ekki treystist til að koma því annarstaðar fyrir með minni meðgjöf. Stúlka þessi kvað vera sveit-læg í Hraunhreppi í Mýrasýslu, en faðir þess er bláfátækur giftur maður á Akranesi Sigurður Guð-mundsson á Sólmundarhöfða.

5. Var talað um að ráðstafa þyrfti sem fyrst barni Frið-semdar Friðriksdóttur í Skálholtskoti, vinnukonu, er hún hefir átt með giftum manni Ólafi Ólafssyni í Kráakoti í Mýrasýslu. Fól formaður Guðmundi Þórðar-syni og Bjarna Bjarnasyni að reyna að koma fyrir þessu barni.

Þar eð ekki var fleira fyrir að taka, þá var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundi slitið.

E. Th. Jónassen  G. Þórðarson
Jón Þórðarson  B. Bjarnason

Ár 1879 h. 11. desember átti fátækranefndin fund með sér og var þar á fyrir tekið:

1. Var lögð fram beiðni frá Guðmundi Guðmundssyni á Klapparholti í Vatnsleysustrandarhreppi um að mega fá að flytja sig hingað í bæinn á næstkomandi vori. Var það leyft af nefndinni.

2. Lagt fram bréf dags. 8. decemb. frá Gamalíel Oddssyni á Seli um að fá meðgjöf með barni Egils Guðnasonar á Seli Guðnýju. Nefndinni leizt að tilkynna Gamalíel að snúa sér fyrst til föður barnsins, en, ef hann eigi geti gefið með því, þá geti hann snúið sér til ~~föður~~ ~~þess~~ fátækranefndarinnar um hjálp.

3. Formaður tilkynnti að hann hefði tilkynnt með stefnuvottum þeim Egd. Guðmundssyni í Hala, Oddi Halldórssyni í Hallsbæ, Gísla Þorsteinssyni í Litlabæ og Guðmundi Guðmundssyni í Sauðagerði að þeir yrðu að flytja héðan í vor úr bænum.

Með því ekki var frekara fyrir að taka þá var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen  G. Þórðarson  P. O. Gíslason
Jón Þórðarson  B. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880 h. 8. janúar átti fátækranefndin fund með sér og var þá fyrirtekið:

1. Lagt fram að nýju bréf frá Kristínu Guðmundsdóttur ekkju í Hólakoti dags. 16. f. m. um styrk. Kvaðst formaður hafa veitt henni 6 króna hjálp og samþykkti nefndin það.
2. Lagt fram bréf dags. 8. f. m. frá Guðmundi Halldórssyni á Stórubergsstöðum um að fá hjálp til þess að kaupa kú fyrir 170 kr. Nefndinni leizt ekki að svo stöddu að kaupa nokkra kú handa Guðmundi.
3. Lagt fram dags. 27. f. m. frá Sveini Bjarnasyni í Sandgerði um að Þorsteinn Einarsson í Vaktarhúsinu á Leirum mætti fá hér tómthúsmannsleyfi; með því nefndinni var alveg ókunnugt um hagi þessa manns var því frestað að veita þetta leyfi þangað til að fengist nákvæmari upplýsingar.
4. Lagt fram bréf frá Jóni Jónssyni dags. 16. des. f. á. um að fá hér tómthúsmannsleyfi með meðmælum húsbónda hans Gísla Tómássonar. Var leyfið veitt þessum manni.
5. Lagt fram dags. 30. nóvemb. frá Halldóri Benjamínssyni um að fá setjast hér að á tómthúsmannsleyfi; með því að nefndina vantar

allar upplýsingar um þennan mann, þá varð að neita um leyfið.

6. Var lagt fram bréf dags. 7. f. m. frá Ólafi Eyólfssyni í Gljúfurholti í Ölvesi um að fá hér tómthúsmannsleyfi. Var frestað um tíma að svara þessu bréfi til þess að fá nánari upplýsingar um hagi þessa Ólafs.

7. Var lagt fram bréf frá Einari Guðmundssyni dags. 16. des. f. á. um að fá hér tómthúsmannsleyfi; var frestað til næsta fundar að svara þessu bréfi og leita um það nánari upplýsinga.

8. Var lagt fram bréf dags. 16. decemb. f. á. frá Sveini Sveinssyni vinnumanni á Bakka um að fá að setjast hér að í tómthúsmennsku; var frestað að svara þessu bréfi til næsta fundar.

9. tilkynntað Amtmaður hefði úrskurðað að Bjarni Björnsson væri sveitlægur í Austur-Landeyjahreppi.

10. Var þá áætluð meðlög með hinum föstu ómögum hreppsins og um styrk handa öðrum þurfamönnum hreppsins:

I. fastir ómagar:

1. Anna Ámundsdóttir 13 ára hjá Jóni í Norðurgröf á Kjalarnesi 80 k.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur